FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | LAUGARDAGUR 7. JANÚAR 2023



Undan köldum vindi dauðans

Árni Þór Sigurðarson veiktist skyndilega og var vart hugað líf. Hann og faðir hans Sigurður Þ. Ragnarsson, betur þekktur sem Siggi stormur, fara yfir veikindin og áhrif þeirra á fjölskylduna. ➤ 16

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTIR 4



Sævar íhugar að fá aðstoð til að deyja

HELGIN 24



Enginn þjáðist við gerð myndarinnar

LÍFIÐ 30

Þjóðin gengur af göflunum aftur









Nú má fá Fréttablaðið á fjölmörgum stöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fréttablaðið fæst á æ fleiri stöðum

gar@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR Guðmundur Örn Jóhannsson, yfirmaður dreifingarmála Fréttablaðsins, segir dreifingu með nýjum hætti ganga vel.

„Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið á Stór-Reykjavíkursvæðinu í öllum Bónus-, Nettó- og Hagkaupsverslunum, auk þess er hægt að nálgast blaðið í verslunum Húsasmiðjunnar, í Kringlunni, á sjúkrahúsum, elliheimilum og í sundlaugum," segir Guðmundur. Samtals fari nú 25 þúsund eintök á þetta svæði. Í næstu viku verði blaðinu dreift í alls 45 þúsund eintökum daglega.

„Þá bætist Smáralind við, Múlakaffi, World Class, Bakarameistarinn og fleiri veitingastaðir. Á landsbyggðinni dreifum við nú tíu þúsund blöðum," segir Guðmundur Örn. Á Suðurnesjum sé blaðið í verslunum í Reykjanesbæ, Grindavík, Vogum, Sandgerði og í Garði.

„Blaðinu er einnig dreift í Hveragerði og á Selfossi og eftir helgi bætast við Þorlákshöfn, Hella og Hvolsvöllur. Við dreifum nú einnig í verslunum á Akranesi, Borgarnesi, Blönduósi, í Staðarskála og í Varmahlíð og á Akureyri í gegnum verslanir Bónuss og Nettó ásamt N1 og Olís," segir Guðmundur.

Einnig má lesa Fréttablaðið á frettabladid.is og á Fréttablaðs-appinu. Þess utan er hægt að fá blaðið sent að morgni í tölvupósti.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, ritstjóri Fréttablaðsins, segist þakklátur tryggum lesendum sem hafi spurst fyrir um dreifingu blaðsins.

„Við vinnum hörðum höndum að því að byggja upp þessar nýju leiðir til að koma blaðinu til lesenda og þiggjum allar ábendingar þeirra," segir Sigmundur Ernir. ■

Þrettándinn



Mikill mannfjöldi var samankominn í Gufunesi í gærkvöldi þar sem önnur af tveimur þrettándabrennum Reykjavíkurborgar var tendruð. Svo mikinn mannskap dreif að brennunni að umferðaröngþveiti skapaðist við Gufunes og í nærliggjandi götum Grafarvogs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Blaðamenn gera stuttan samning

kristinnhaukur@frettabladid.is

KJARAMÁL Blaðamannafélag Íslands hefur skrifað undir skammtímasamning við Samtök atvinnulífsins líkt og fleiri verkalýðsfélög undanfarið. Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður félagsins, segir mikilvægt að ná inn afturvirkni til nóvember. Samningurinn sé hins vegar aðeins framlenging á núgildandi samningi og félagsmenn hafi ekki gert ráð fyrir öðru í ljósi aðstæðna.

„Við lítum á þetta sem áfangaskref," segir Sigríður. „Stóra samningatímabilið er að hefjast núna í janúar þegar við hittum samninganefndirnar." ■

Myndlistarsjóður

Opið er fyrir umsóknir í myndlistarsjóð

Sjóðurinn veitir styrki til:

- undirbúnings
- sýninga
- útgáfu, rannsókna og annarra verkefna

Umsóknarfrestur er til kl. 16.00 mánudaginn 20. febrúar 2023

Leiðbeiningar, umsóknarform og reglur má finna á myndlistarsjodur.is
Úthlutað verður í marsmánuði.

Veittir verða styrkir að lágmarki 300.000 kr. og hámarki 3.000.000 kr. Næsti umsóknarfrestur er 21. ágúst.

Íslendingar í kóngsins Köben streyma á HM í handbolta

Mikil spenna er að myndast hjá Íslendingum í Kaupmannahöfn fyrir komandi Heimsmeistaramóti í handbolta. Um þrjú hundruð munu streyma frá kóngsins Köben til Kristianstad með rútu til að hvetja strákana okkar áfram.

benediktboas@frettabladid.is



Spennan er orðin mikil fyrir HM í handbolta þar sem Íslendingum er spáð góðu gengi enda með eina bestu útilínu á mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HANDBOLTI Um þrjú hundruð Íslendingar fara frá Kaupmannahöfn með rútum á leiki Íslands á Heimsmeistaramótinu í handbolta en leikir Íslands í riðlakeppninni eru spilaðir í Kristinastad. Áhuginn er alveg jafn mikill í kóngsins Kaupmannahöfn og hér á Íslandi en Danir hafa rætt og ritað mikið um hversu spennandi lið Ísland sé með.

Félagarnir Óli Rúnar Eyjólfsson og Árni Friðriksson sjá um að skipuleggja ferðirnar en hugmyndin fæddist eiginlega í gríni. „Ég hef verið að halda golfmót hérna úti og við sögðum í góðu gríni að okkur vantaði far til Kristianstad á HM í handbolta. Það var einhver vinur Árna sem á rútufyrirtæki og þetta var eiginlega bara af því okkur langaði sjálfum," segir Óli Rúnar.

Kristianstad er ekki nema rúmlega 140 kílómetra í burtu þannig að rútan fer með hópinn fram og til baka. Um 40 þúsund manns búa í Kristianstad, meðal annars Elísabet Gunnarsdóttir, sem þjálfar kvennalið bæjarins í fótbolta með góðum árangri. „Öll hótel og gisting er uppbókuð þannig að við erum með rútuna fram og til baka. Það átti að vera fyrst ein rúta fram og til baka á hvern leik en það seldist strax upp í fimmtudags- og laugardagsrúturnar. Þannig að við bættum við auka. Laugardagsrúturnar seldust líka strax upp og þar eru allavega 200 manns að fara," segir Óli. Meðan samtalið stóð yfir var reyndar par sem afbókaði sig þannig að tvö sæti losnuðu. Trúlega voru þau seld þegar Fréttablaðið fór í prentun.



Óli Rúnar Eyjólfsson, ferðamálafrömuður

„Þetta er kannski helmingur af Íslendingum sem búa hér í borg og svo fólk sem er að fljúga til okkar frá Íslandi sem er að koma með okkur."

Óli Rúnar spilaði handbolta í gamla daga og er nýbúinn að setja harpixið á hilluna en hann spilaði með Guðrúnu sem er Íslendingaliðið í Kaupmannahöfn. Liðið er eingöngu skipað íslenskum leikmönnum. „Maður er enn þá handboltasjúkur og stórmót hafa lengi létt manni lundina í janúar. Ég er meira að segja farinn að hlakka til EM í Þýskalandi á næsta ári."

Hann segir að mikið sé rætt og ritað um íslenska liðið í dönskum fjölmiðlum og spennan sé mikil fyrir komandi HM. „Sumir vina minna ætla ekki einu sinni að fara á leikina í riðlinum heldur bara beint í milliriðilinn. Það er mikill hugur í íslenska samfélaginu hér í Kaupmannahöfn.

Það sem ég er að lesa í dönsku fréttunum er að Danir eru skíthræddir við okkur Íslendingana. Landsliðsþjálfarinn þeirra er mikið að tala um okkur og segja hvað við séum með spennandi lið. Þeir voru að spila æfingarleik gegn Sádum og unnu þá með miklum mun. Það er nú undirbúningurinn þeirra. Þeir eru skíthræddir við okkur," segir Óli Rúnar. ■

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Köttum niður verðið



Allar flísar
30-45%

Plastbox og hillurekkar
20-25%

Öll blöndunartæki
25%

Öll búsáhöld
20-30%

Öll verkfæri
20-30%

Öll LADY málning
30%

Allt parket
25-50%

Útsalan er líka í vefverslun

30%
A++
eta since 1945




Þvottavél
Kolalaus mótor, tekur 8 kg af þvotti, 1400 sn., með 15 þvottakerfum, þar á meðal íþrótta- og ofnæmis prógramm. **1853100**
54.990kr
~~84.990kr~~

27%
HiKOKI HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS



Borvél 18V
Tvær rafhlöður 2.0Ah, 20 skrúf- og borstillingar 13 mm patróna, Led ljós, taska. **5246776**
18.995kr
~~25.990kr~~

50%
Grænvara



Harðparket
Colorado, eik, 8 mm, 4V. **147124**
2.975kr/m²
~~5.950kr/m²~~
KAINDL

25%
SAFETY JOGGER SAFETY SHOES



Öryggisskór
Upphái S3, svartir, stærð: 39-48. **5859947-5859952, 5863034-5863037**
7.163kr
~~9.550kr~~

175 kg HVER HILLA

20%
AVASCO



Hillurekki
Stærð: 180x90x45 cm, 5 hillur, hver hilla ber 175 kg. **5803673**
7.484kr
~~9.355kr~~

30%



orthex™
Plastbox
44 ltr., ytra mál: 58x39x30 cm. Innra mál: 46,6x26,6x 27,1 cm. **2007616**
2.181kr
~~3.115kr~~

Skoðaðu útsölublaðið

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".

Tölur vikunnar

50
prósent fólks á aldrinum 25 til 34 ára búast við betri fjárhag 2023 en 2022 samkvæmt könnun Prósents.

10,1
prósents hækkun varð á matarverði hérlendis á nýliðnu ári.

7,8
prósenta hækkun á áfengisgjaldi tók gildi um áramótin.

66
prósent landsmanna styðja að ráðist verði í fleiri vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir.

75
af 365 úlfum sem vitað er um í Svíþjóð verða felldir nú í janúar ef áætlanir ganga eftir.

Þrjú í fréttum



Chen Jiu
kínverskur háskólanemi í Manchester

skemmti sér vel í Íslandsferð um áramótin og lýsti miklum áhuga landa sinna á Íslandi „Það er búið að vera ótrúlega gaman hjá okkur og við höfum fengið að upplifa kuldann líka," sagði Chen Jiu. „Það er rosalega mikill áhugi meðal Kínverja á að heimsækja Ísland og það vonast margir til að geta komið hingað sem fyrst."



Hörður Guðmundsson
eigandi flugfélagsins Ernis

seldi 77 prósenta hlut í félaginu til Mýflugs og ónefnds fjárfestis. „Ég hef verið að reka þetta sjálfur í tæplega 53 ár og fer að undirbúa það að opna fyrirtækið fyrir almennum hluthöfum. Það er eiginlega ástæðan bak við söluna," sagði Hörður. „Ég kem áfram til með að stjórna hérna. Það var bara verið að opna fyrirtækið fyrir fjárfestum ef menn vilja koma og leggja peningana sína í góð fyrirtæki."



Ellen Sif Sævarsdóttir
sálfræðingur og rekstrarstjóri Litlu kvíðameðferðarstöðvarinnar

sagði yfir þúsund börn og unglinga á biðlista eftir sálfræðiþjónustu. „Maður skilur ekki af hverju það er ásættanlegt að þurfa að bíða upp í ár þegar um er að ræða alvarlega vanlíðan og jafnvel sjálfsvígshættu. Þetta er ekki eitthvað sem má bíða til mánudags, þetta er ekki eitthvað sem alltaf líður hjá og skaðinn getur orðið svo mikill," sagði Ellen. ■

Vill ekki lifa við stöðugan sársauka

Sævar Daníel Kolandavelu hefur undanfarin ár glímt við alvarlegar afleiðingar þess að hann slasaðist við bakæfingar. Hann segir að heilbrigðiskerfið hafi afneitað honum og segist hættur að sjá tilganginn í því að fara í gegnum stöðuga þjáningu alla daga.

benediktarnar@frettabladid.is



Sævar Daníel Kolandavelu er bundinn við hjólastól eftir aðgerð á fæti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

HEILBRIGÐISMÁL „Þeir eru að reyna að troða mér í gegnum kerfið eins hratt og hægt er, án þess að gera nokkurn skapaðan hlut," segir Sævar Daníel Kolandavelu sem lifir við stöðugan sársauka eftir að hann slasaðist við einfalda æfingu árið 2016.

Í dag eru að minnsta kosti sjö liðbönd í brjósthrygg og baki slitin og er Sævar ófær um að sinna daglegum verkum. Hann telur að stærsti hluti meiðslanna sé vegna afbrigðilegrar aukinnar hreyfigetu eftir slysið og að liðböndin séu sífellt að slitna og liðir að aflagast meira.

„Þetta var eins og einn skýr smellur," segir Sævar um slysið.

„Mér er að versna með hverjum deginum og ég er eins og hrúga af kjöti og beinum. Ég er óþekkjanlegur," segir Sævar, sem getur hvorki haldið höfði eðlilega, né stöðu á brjóst- og hálshrygg.

Sævar getur ekki setið uppréttur lengur en í nokkrar mínútur og er kvalinn við að liggja.

„Þetta veldur því að ég geti í raun ekki gert neitt annað en passað að svæðið haldist í stað og ég er ófær um að gera venjulega hluti eins og fara í sturtu eða klæða mig eða jafnvel bara slaka á. Það er ekkert sem ég get í raun gert, þó að ég geti legið í ákveðnum stellingum þar sem auðveldara er að halda spennu á vöðvum til lengri tíma eða tjóðrað mig á þann hátt að þyngdaraflið togi svæðið ekki jafnmikið sundur," segir Sævar.

Undanfarið hefur Sævar verið bundinn hjólastól eftir aðgerð á fæti. Hann er á örorkubótum, skortir fastan samastað og faglega umönnun. Þessa dagana býr hann hjá vinafólki og er bundinn rúminu sínu alla daga.

> Mér er að versna með hverjum deginum og ég er eins og hrúga af kjöti og beinum.
>
> Sævar Daníel Kolandavelu

„Í grunninn neitar heilbrigðiskerfið að eiga samtal við mig. Þau vinna málið illa og hratt. Það eru til allt of litlir peningar og það eru of margir sjúklingar sem bíða eftir meðferð," segir Sævar.

„En það er komið fram við mig eins og ég tilheyri ekki samfélaginu. Eins og það þurfi ekki að virða reglur samfélagsins gagnvart mér."

Sævar segir að hann hafi íhugað að stytta sér aldur. Hann sér ekki tilganginn í því að lifa í stöðugum sársauka.

„Ég hef engan áhuga á að svipta mig lífi. Það er ekki til vottur af þunglyndi í mér. Ég hef farið í geðmat uppi á spítala og þá kom í ljós að geðheilsan mín er í alla staði góð," segir Sævar.

„En þegar maður stendur frammi fyrir svona óréttlæti, þá er þetta nánast eins og að lóga hundi sem er allt of slasaður til að lifa. Ég lifi ekki af tíu ár í viðbót svona, það er enginn tilgangur í því að setja sig í gegnum stöðuga þjáningu alla daga," segir Sævar.

Að sögn Sævars hefur hann kynnt sér leiðir til að fá aðstoð við að deyja. Hann hefur hafið umsóknarferli um slíka meðferð.

„Þá þykir mér þægilegra að deyja skjótum og kvalalausum dauðdaga umkringdur vinum mínum og fagfólki, heldur en að ég sé að reyna að sarga mig á púls með rakvélablaði eða sturta í mig lyfjum," segir Sævar.

Venjulegt og heilbrigt samtal við heilbrigðisstarfsfólk er það sem Sævar vill.

„Ef heilbrigðiskerfið hefði komið rétt að mínu máli þá hefði verið hægt að leysa þetta á nokkrum klukkutímum. Vingjarnlegt samtal og samvinna er eina sem ég hef beðið um," segir Sævar. ■



UMTALAÐUR

TOYOTA C-HR



Verð frá: 6.160.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 143.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI
33
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Skoða hvort andlát tengist álagi

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Ekki er vitað hve langan tíma rannsókn mun taka á andláti manns sem leitaði á bráðamóttöku Landspítalans vegna hjartaverks en lést úr hjartaáfalli skömmu eftir heimkomu. Samkvæmt landlækni er algengur rannsóknarími 3 til 18 mánuðir.

„Mál eins og hér um ræðir eru sett í forgang," segir Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis.

Embættið segir ótímabært að álykta um hvort tengsl séu milli þessa máls og álags á bráðadeildinni. „Þetta er þó sannarlega eitt af því sem horft verður til við rannsókn embættisins á þessu atviki," segir í svarinu.



Málið er í forgangi hjá landlækni.

Þá segir embættið ekki tímabært að bera málið saman við önnur. Rannsóknin sé á frumstigi. Orsakir alvarlegra atvika séu oftast blanda kerfislægra og mannlegra þátta.

„Því er óvarlegt að tjá sig um alvarleg atvik eða draga ályktanir fyrr en rannsókn þeirra er að fullu lokið." ■

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Styrkir
til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og matvælaráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með til umsóknar styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 2. - 21. júlí 2023.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, tomas.heidar2016@gmail.com, fyrir 23. janúar 2023.

Nánari upplýsingar: www.hafrettarstofnun.hi.is.

Alifuglinn hefur toppað kindina


ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Tímamót eru að verða í kjötframleiðslu á Íslandi, en vinnsla á alifuglakjöti er nú orðin jafn mikil og kindakjötsframleiðsla. Framleiðsla alifuglakjöts jókst um meira en tíu prósent á milli tveggja síðustu ára, að því er nýjar tölur Hagstofunnar sýna.

Himinn og haf var á milli þessara kjötafurða á seinni hluta síðustu aldar, eins og meðfylgjandi graf sýnir, en frá aldamótum hefur vinnsla alifuglakjöts stóraukist, farið úr liðlega þrjú þúsund tonnum á ári í vel ríflega níu þúsund tonn, eða þrefaldast með öðrum orðum.

Á sama tíma hefur kindakjötsframleiðsla staðið í stað, að mestu leyti, en heldur gefið eftir á síðustu fimm árum. Hún er núna fimm þúsund tonnum minni en hún var á seinni hluta síðustu aldar, hefur dregist saman jafn mikið og vinnslan á alifuglakjöti hefur aukist á þessari öld.

Kjötframleiðsla á Íslandi síðustu áratugi
í tonnum talið



Vinnsla á svínakjöti hefur stóraukist á síðustu fjörutíu árum, farið úr rösklega þúsund tonnum um 1980 í vel ríflega sex þúsund tonn og framboð á nautakjöti nemur núna tæplega fimm þúsund tonnum í samanburði við tæplega þrjú þúsund tonn fyrir fjórum áratugum.

Vinnsla hrossakjöts hefur verið sú sama allan þennan tíma, í kringum þúsund tonn á ári. ■



Samgöngustofa brýnir þá sem leggja líf annarra í hættu með rangri notkun á ökuljósum til að taka sér tak. Langflestir atvinnubílstjórar eru sagðir til fyrirmyndar en frávikin skapa stórhættu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lögreglumál að bílstjórar beiti flóðljósum í refsiskyni

Atvinnubílstjórar eru alla jafna til fyrirmyndar en kunn eru tilvik um að þeir hafi lagt líf annarra ökumanna í hættu vegna gremju. Samgöngustofa brýnir alla ökumenn til varkárni nú á dimmasta tíma ársins.

bth@frettabladid.is

UMFERÐ „Ruddalegur flutningabílstjóri skellti flóðlýsingu á okkur hjónin, hann setti fjögur firnasterk ljós fremst á bílþakinu ásamt háu ljósunum á mig þegar við mættumst á þjóðveginum af því að við vorum ekki nógu fljót að lækka ljósin. Þetta er stórhættulegt athæfi," segir Ingibjörg Jónasdóttir, eldri borgari og íbúi í Reykjavík.

Ingibjörg mun aldrei gleyma kvöldinu þegar þau hjónin voru á bílferðalagi norður í land í myrkri. Flutningabílstjóri kom úr gagnstæðri átt og taldi að þau væru of sein að lækka ökuljósin. Og ekki stóð á refsingunni.

„Ökumaðurinn lét eins og hann væri óður. Hann blikkar fyrst en skellir svo ljóskösturunum á okkur þannig að minn maður sem ók bílnum blindast. Svo heldur flutningabíllinn flóðljósunum á okkur uns við erum komin fram hjá. Mínum manni tókst að halda bílnum á veginum en það er meira en að segja það. Ég hefði keyrt út af," segir Ingibjörg.

> Það er ekkert sem réttlætir svona aksturslag, þetta er í raun ofbeldishegðun.



Ingibjörg Jónasdóttir, vegfarandi

Hún segir að atvikið á þjóðveginum sé eitt hræðilegasta augnablik sem hún hafi lifað. Þau hjónin hafi bæði upplifað hreina skelfingu.

„Það er ekkert sem réttlætir svona aksturslag, þetta er í raun ofbeldishegðun. Við vorum á svona 85-90 kílómetra hraða og hann örugglega líka. Hvað ef það hefði verið hálka?"

Saga Ingibjargar er ekki einsdæmi. Milli jóla og nýárs lenti ökumaður á litlum bíl í sambærilegu atviki. Þegar ökumaður taldi sig vera að lækka ljósin, hækkaði hann þau óvart eitt andartak. Gilti einu þótt skyssan væri leiðrétt og ljósin aftur lækkuð. Vörubílstjórinn skellti þá á flóðljósunum og hélt þeim uns yfir lauk.

Ef ásetningur ræður för hjá atvinnubílstjórum sem stunda svo ljótan leik er beinlínis um lögreglumál að ræða, samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu. Stór ökutæki líkt og flutningabílar geta fengið undanþágu til að nota öfluga ljóskastara. Undanþágan er veitt til að auka umferðaröryggi en ekki skapa stórhættu.

„Ég held að það heyri til algerra undantekninga að atvinnubílstjórar noti þessa kastara þannig að hætta stafi af en undantekningarnar geta skapað mikla hættu, sérstaklega þar sem um er að ræða mjög mikið ljósflæði," segir Einar Magnús Magnússon hjá Samgöngustofu.

Hann segir að sérstakt átak hafi verið gert í því að fá rekstraraðila í flutningaþjónustu til að lækka ljósin og það hafi að hans áliti gengið vel.

Þess má geta að ökumaður sem situr hátt í stórum bíl verður ekki fyrir eins miklum áhrifum af ljósum þeirra sem hann mætir en þegar lítill bíll blindast af stórum bíl. ■



Vinnustaðanámssjóður
Umsóknarfrestur til **20. janúar**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki vegna vinnustaðanáms á árinu 2022.

Sjóðurinn veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla.

Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2023, kl. 15:00.

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi.

Umsóknargögn og leiðbeiningar er að finna á slóðinni
www.rannis.is/sjodir/menntun/vinnustadanamssjodur/
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir
Skúli Leifsson, sími 515 5843,
vinnustadanamssjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLING ER GÓÐ BYRJUN

Velkomin í fría blóðþrýstingsmælingu í Lyfju allan janúar. Engin tímabókun.

Ýmsir þættir gera það að verkum að við þróum með okkur hækkun á blóðþrýstingi. Mataræði og lífsstíll hafa mikil áhrif og í mörgum tilfellum er hægt að koma í veg fyrir eða lækka háan blóðþrýsting með því að borða hollt, viðhalda heilbrigðri þyngd og hreyfa sig reglulega.

Kynntu þér opnunartíma á lyfja.is

Heilsa þín er okkar hjartans mál – þess vegna leggjum við áherslu á fræðslu, gæðavörur og persónulega þjónustu.

Líttu við í Lyfju

LYFJA

Styrkir VIRK 2023

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna sem auka fjölbreytni og framboð úrræða í starfsendurhæfingu og styrki til rannsókna sem stuðla að uppbyggingu og auka við almenna þekkingu á starfsendurhæfingu á Íslandi.

Veittir eru styrkir til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna einu sinni á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum 15. febrúar n.k. inn á netfangið styrkir@virk.is.

Aðeins eru teknar til greina umsóknir sem uppfylla allar reglur um styrki VIRK.

Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir og umsóknareyðublöð má finna á **www.virk.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2023.

Open for grant applications

VIRK Vocational Rehabilitation Fund has started accepting grant applications for projects that will increase the diversity and availability of interventions in vocational rehabilitation and grants for research projects that promote development and greater general knowledge about vocational rehabilitation in Iceland.

Grants are offered once a year for activity projects, research projects and development projects and grant applications must be received by VIRK by 15th of February via the e-mail address styrkir@virk.is

Only applications that meet all regulations set forth by VIRK will be accepted. Further information regarding the application and about policies and rules as well as the application form can be found on VIRK´s web page **www.virk.is.**

The application deadline is end of day February 15th, 2023.

Sprotasjóður leik-, grunn- og framhaldsskóla

Umsóknarfrestur til **16. febrúar**

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Sprotasjóði leik-, grunn- og framhaldsskóla vegna skólaársins 2023-2024. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi.

Leikskólastjórar, skólastjórar eða skólameistarar fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara geta sent inn umsókn. Aðrir aðilar en skólar geta sótt um þróunarverkefni í samstarfi við skóla. Í þeim tilfellum skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.

Áherslusvið sjóðsins fyrir tímabilið 2023-2024 eru verkefni sem styðja við innleiðingu menntastefnu í eftirfarandi þáttum:

- Farsæld barna og ungmenna með áherslu á geðrækt, geðtengsl, geðheilbrigði
- Sköpun og hönnun
- Stafræn borgaravitund, upplýsinga- og miðlalæsi

Í umsókn þarf að skilgreina hvernig verkefnið tengist ofangreindum áherslum ásamt því hvernig nemendur verða virkir þátttakendur í verkefninu sjálfu.

Umsóknir sem falla utan ofangreindra áherslusviða fá sérstaka umfjöllun í ljósi áhrifa verkefna á menntun og skólastarf.

Umsóknir sem fela í sér samstarf skóla, skólastiga eða skóla og annarra stofnanna njóta alla jafna forgangs við úthlutun styrkja.

Umsóknarfrestur er til 16. febrúar 2023 kl. 15.00.
Umsókn skal skilað á rafrænu formi gegnum mínar síður á rannis.is.

Nánari upplýsingar veitir
Eydís Inga Valsdóttir, sími 515 5834,
sprotasjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is




Frá árinu 2010 óx ferðaþjónustan úr því að vera árstíðabundin grein í að verða sú arðbærasta í þjóðarbúskapnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mörg þúsund útlendinga vantar í ferðaþjónustuna

Fjörutíu prósent starfsmanna í ferðaþjónustu á Íslandi eru af erlendum uppruna. Atvinnugreinina vantar þúsundir útlendinga til starfa á næstu árum. Dæmi eru um hótel sem reiða sig alveg á erlent vinnuafl.

ser@frettabladid.is

Hlutfall heimamanna og innflytjenda í ferðaþjónustu



FERÐAÞJÓNUSTA Fyrstu tvo áratugi nýrrar aldar sjöfaldaðist hlutfall fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda á Íslandi. Á haustdögum 2022 var fimmti hver starfsmaður á íslenskum vinnumarkaði af erlendum uppruna. Stærstur hluti þeirra heyrir til ferðaþjónustunni, en rúmlega fjörutíu prósent starfsmanna í greininni rekja ættir sínar til útlanda.

Þetta kemur fram í rannsókn Hallfríðar Þórarinsdóttur, sem upphaflega var unnin 2019, en var uppfærð fyrir 50 ára afmælisrit Leiðsagnar, félags leiðsögumanna, sem kom út á síðasta ári.

Þar er minnt á gríðarlegan vöxt ferðaþjónustunnar á afar stuttum tíma í atvinnusögu landsmanna, en á innan við áratug, frá 2010, óx ferðaþjónustan úr því að vera árstíðabundin atvinnugrein yfir í það að vera stærsti og arðbærasti atvinnuvegur þjóðarbúsins, stærri en bæði ál- og fiskútflutningur sem lengst af öfluðu þjóðarbúinu mestra gjaldeyristekna.

Til glöggvunar á þessari þróun bendir Hallfríður á að hálf milljón erlendra ferðamanna hafi komið til landsins 2010, eða tæplega helmingi fleiri en íbúar landsins voru það árið, en eftir hraðfara stígandi sem náði hámarki 2018 hafi þeir verið orðnir 2,3 milljónir, sem svari til þess að 6,5 erlendir ferðamenn hafi verið hér á hvert mannsbarn í landinu.

Hallfríður segir að enda þótt fækkað hafi í hópi erlends vinnuafls í ferðaþjónustunni á tímum heimsfaraldurs, einkum vegna samkomutakmarkana á árunum 2020 og 2021 þegar greinin skellti svo að segja í lás, hilli á ný undir stórfjölgun í hópi innflytjenda í henni á komandi árum.

Samtök atvinnulífsins reikni með að störfum muni fjölga um fimmtán þúsund fram til ársins 2025. „Þar sem innlendu fólki á starfsaldri mun einungis fjölga um þrjú þúsund þarf að sækja tólf þúsund starfsmenn til annarra landa," bendir Hallfríður á og bætir við:

> **Ferðamálastofa spáir því að erlendir ferðamenn geti árið 2025 orðið á bilinu 2,8 milljónir, sem er lægsta spá, og 5,3 milljónir, sem er hæsta spá.**



Hallfríður Þórarinsdóttir, doktor í menningarmannfræði

„Ef að líkum lætur mun stór hluti þessa fólks koma til starfa í ferðaþjónustu, en Ferðamálastofa spáir því að erlendir ferðamenn geti árið 2025 orðið á bilinu 2,8 milljónir, sem er lægsta spá, og 5,3 milljónir, sem er hæsta spá."

Hún segir að búast megi við því að stærstur hluti nýrra innflytjenda sem ferðaþjónustan þarf á að halda á komandi árum muni koma frá Evrópska efnahagssvæðinu, svo sem verið hafi hingað til, enda þurfi þeir, ólíkt fólki annars staðar frá, ekki að sækja sérstaklega um atvinnuleyfi hér á landi í krafti EES-samningsins.

En Hallfríður bendir engu að síður á í rannsókn sinni að flóra útlendinga í ferðaþjónustunni hér á landi sé mjög fjölbreytt. Ef taka megi dæmi, séu hótelin rekin af ungu erlendu starfsfólki. Þar sé meginreglan komin.

Upplýsingum hafi verið safnað á um 21 hóteli sem skipst hafi til helminga á milli höfuðborgar og landsbyggðar. „Hlutfall innflytjenda á hótelum var 77 prósent á landsvísu og þar af voru Pólverjar um helmingur. Sem dæmi störfuðu á einu hóteli í Reykjavík samtals 36 starfsmenn af tólf ólíkum þjóðernum."


Á landsbyggðinni hafi mátt finna hótel þar sem allt starfsfólk var erlent, en lægsta hlutfall þeirra hafi reynst 64 prósent, segir í rannsókn Hallfríðar Þórarinsdóttur. ■

DENSO

DENSO
VARAHLUTIR



KERTI



GLÓÐARKERTI



STARTARAR



ALTERNATORAR

Bílanaust

FYRIR FÓLK Á FERÐINNI

STÓRVERSLUN
BÍLDSHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Íslenska gjöfin



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Ólíkt hafast þær að, frændþjóðirnar í norðri, Íslendingar og Norðmenn, þegar kemur að afstöðunni til auðlindanna – og þeirrar meginspurningar hvort þær séu í þjóðareign.

Á Íslandi hrekst pólitíkin undan svarinu. Það er orðið henni eðlislægt. Og enda þótt stærstur hluti þjóðarinnar hafi árum saman kveðið upp sinn skýra dóm í skoðanakönnunum af öllu tagi, einmitt þess efnis að sjávarauðlindin eigi að heita samfélagsins, í verki sem orði, en ekki fárra fjölskyldna, hafa stjórnmálaflokkarnir klúðrað útfærslunni af einbeittu áhugaleysi – og þaðan af verri verkkvíða.

Á Íslandi er pólitíkin nefnilega eins og hugsuðurinn, sjálf styttan sem situr með krepptan hnefann undir kjálka – og hugsar, að því er virðist, en gerir ekki neitt.

Þess vegna hefur málið, undir það síðasta, verið sett í nefnd svo margra og ólíkra afla að útkoman getur aldrei orðið annað en óbreytt ástand. Það er það nýjasta. Ef nýtt skyldi kalla. Einmitt í boði róttækasta flokksins í ríkisstjórn. Ef róttækur á að heita.

Og einmitt svo, hann mun tryggja óbreytt ástand, það er erindi hans í ríkisstjórn, einmitt, að gæta hagsmuna Sjálfstæðisflokksins, kærasta samstarfsflokksins. En þannig er komið fyrir Vinstri grænum, sem eru sennilega orðnir hvorugt í nafni sínu og heiti. Og uppskera eftir því, eiga eftir einn vinsælan stjórnmálamann, sem berangrið umlykur, kaldranalegt og frárhindandi.

Norska leiðin er ólík hugsuðinum. Hún tók gildi núna um áramótin. Altso, komin til framkvæmda. Og hún hverfist um andlag þess að hafa útvalinn aðgang að einum mestu auðæfum í efnahagslögsögu landsins. En það eru forréttindi. Svo mikið er víst.

Á nýju ári þurfa laxeldisfyrirtæki í Noregi, sem ala fisk í sjókvíum í fjörðum landsins, að greiða gjöld til hins opinbera sem eru langt umfram hinn hefðbundna tekjuskatt sem nemur 22 prósentum, rétt eins og hjá öðrum fyrirtækjum í atvinnurekstri. Þess utan – og eftir skatta – ber þeim að greiða tuttugu prósent af tekjum sínum til sveitarfélagsins sem þau heyra til, svo og önnur tuttugu prósent til ríkisins. Eða samtals fjörutíu prósent af tekjum sínum. Sextíu prósent mega þau hirða sjálf, altso af eigin tekjum.

Á Íslandi er ekki einu sinni umræða um hvort fara eigi þessa leið. Ekki orð. Hvorki í sjókvíaeldi né fiskveiðum á hafi úti. Íslenska leiðin er að gefa þetta. Andlag auðlindarinnar kemur samfélaginu ekki við. ■

> Á Íslandi er pólitíkin nefnilega eins og hugsuðurinn, sjálf styttan sem situr með krepptan hnefann undir kjálka – og hugsar, að því er virðist, en gerir ekki neitt.



Gunnar



Mín skoðun

Takk



Sif Sigmarsdóttir

Árið 1957 varð franski rithöfundurinn Albert Camus næstyngsti handhafi Nóbelsverðlaunanna í bókmenntum, aðeins fjörutíu og fjögurra ára að aldri. Camus fæddist í Alsír. Faðir hans lést þegar Camus var eins árs og ólst hann upp við fátækt hjá ólæsri móður og ofstopafullri ömmu.

Nokkrum dögum eftir að Camus voru veitt verðlaunin sendi hann gömlum grunnskólakennara bréf. „Kæri herra Germain," skrifaði Camus. „Mér hefur verið veitt viðurkenning sem ég hvorki bað um né sóttist eftir. En fyrsta manneskjan sem kom mér til hugar við fréttirnar, á eftir móður minni, varst þú. Án þín, án umhyggjusamrar leiðsagnar sem þú sýndir ungum og fátækum dreng, án visku þinnar og fyrirmyndar hefði þetta aldrei gerst. ... Viðleitni þín, vinna og örlæti lifa enn í hinum unga skóladreng sem er ennþá, eftir öll þessi ár, þinn einlæglega þakklæti nemandi."

Þakklæti komst í fréttirnar undir lok síðasta árs. Dagný Brynjarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, vakti athygli á því að Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði karlalandsliðsins í fótbolta, hefði verið heiðraður með treyju eftir hundraðasta landsleik sinn. KSÍ hafði hins vegar ekki séð ástæðu til að þakka Dagnýju og öðrum landsliðskonum fyrir störf sín með sams konar treyju við sama áfanga.

Flestum blöskraði misræmið. Þó voru uppi raddir sem virtust telja að þakklætið ætti þvert á móti að koma úr hinni áttinni. Hvar var þakklætið fyrir að vera valin í liðið? Hvar var þakklætið fyrir að fá greitt fyrir að spila? Var þetta ekki vinnan hennar? Þurfti að þakka henni eitthvað sérstaklega fyrir hana?

Jöklaferð á hælaskóm

Lítið fór fyrir einni fallegustu frétt jólanna sem fennti í kaf vegna frétta af veðri. Katrín Sylvía Brynjarsdóttir er átján ára starfsmaður Bónuss á Akureyri. Stuttu fyrir jól fékk Katrín óvæntan glaðning frá viðskiptavini verslunarinnar sem hún afgreiddi reglulega. Eftir að Katrín Sylvía hafði afgreitt konuna einu sinni sem oftar rétti hún Katrínu Sylvíu umslag og hélt svo sína leið. Þegar Katrín Sylvía opnaði umslagið þar sem hún stóð við kassann brast hún í grát.

„Í umslaginu var ótrúlega fallegt bréf," sagði Katrín Sylvía í samtali við Akureyri.net. Í því var einnig 10 þúsund króna seðill.

Í bréfinu þakkaði konan Katrínu Sylvíu fyrir allt sem hún hefði gert á árinu til að gera heiminn og umhverfið í kringum sig betra. „Ég skynja að þú hefur gert margt sem snertir aðra á jákvæðan hátt," sagði í bréfinu. „Mun meira en þú gerir þér grein fyrir."

Fæstir fá nokkrar þakkir á lífsleiðinni fyrir störf sín og viðleitni. Þó eru ótalmargir – eins og grunnskólakennari Camus og viðmótshlýr starfsmaður matvöruverslunar – sem eiga þær skilið.

Við mættum fleiri taka okkur til fyrirmyndar konuna á Akureyri sem þakkaði samborgara fyrir að vera henni sólargeisli í hversdagsleikanum. Ég hyggst ríða á vaðið og þakka miskunnsama Samverjanum við Öldugötu í Vesturbæ Reykjavíkur sem gerði sér lítið fyrir og mokaði snjóinn úr innkeyrslunni minni um jólin. Gjörningurinn snart fimm manna fjölskyldu, sem hafði flogið frá London til Íslands til að fagna jólum, meira en hann gat gert sér í hugarlund. Þegar pakkað var fyrir ferðina hafði hlífðarfatnaður vikið fyrir jólagjöfum. Dagleg vegferðin út í bíl var jafnátakamikil og jöklaferð á hælaskóm. En eftir moksturinn snarminnkuðu harmakveinin í börnunum í aftursætinu sem kenndu foreldrum sínum um blauta sokka og streiturokurnar þögnuðu í foreldrunum sem höfðu ítrekað lýst því yfir að þau skyldu sko aldrei fara aftur í fjölskylduferðalag. Takk, jólanágranni.

Hverjum vilt þú þakka? ■

> Við mættum fleiri taka okkur til fyrirmyndar konuna á Akureyri sem þakkaði samborgara fyrir að vera henni sólargeisli í hversdagsleikanum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is.* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Gefðu blóð, gefðu líf

Ein blóðgjöf getur bjargað allt
að þremur einstaklingum.
Ert þú blóðgjafi?



Bókaðu tíma á blodbankinn.is

BLÓÐBANKINN



Landsliðið leikur æfingaleiki í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Tækifæri til að sanna ágæti sitt

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI A-landslið karla leikur tvo vináttulandsleiki í Algarve í Portúgal á næstu dögum. Fyrri leikurinn verður gegn Eistlandi á morgun, sunnudag, á Estadio Nora og sá seinni á Estadio Algarve 12. janúar gegn Svíþjóð. Verkefnið er fyrir þá leikmenn sem alla jafna eiga ekki stórt hlutverk í hópnum. Þar sem leikurinn er ekki á alþjóðlegum leikdögum eru ekki allir leikmenn í boði fyrir Arnar Þór Viðarsson.

Tveir leikmenn gætu leikið sína fyrstu landsleiki í þessu verkefni en Aron Bjarnason hefur sýnt góða takta með Sirius í sænsku úrvalsdeildinni. Nökkvi Þeyr Þórisson sem varð að stjörnu í Bestu deildinni í sumar með KA er einnig nýliði í hópnum. Nökkvi raðaði inn mörkum fyrir KA og var seldur til Belgíu þar sem hann hefur farið vel af stað í næstefstu deild þar í landi.

Um er að ræða síðasta verkefni landsliðsins fyrir undankeppni Evrópumótsins sem hefst í mars. Leikmenn í hópnum í þessu verkefni hafa þannig tækifæri til að heilla þjálfarateymið til að eiga möguleika á að vera í hópnum þegar alvaran byrjar. ■

Hópurinn í verkefninu


- Frederik Schram
- Hákon Rafn Valdimarsson
- Patrik Sigurður Gunnarsson
- Andri Lucas Guðjohnsen
- Arnór Ingvi Traustason
- Aron Bjarnason
- Aron Sigurðarson
- Bjarni Mark Antonsson
- Dagur Dan Þórhallsson
- Damir Muminovic
- Danijel Dejan Djuric
- Davíð Kristján Ólafsson
- Guðlaugur Victor Pálsson
- Höskuldur Gunnlaugsson
- Ísak Snær Þorvaldsson
- Júlíus Magnússon
- Kristall Máni Ingason
- Nökkvi Þeyr Þórisson
- Róbert Orri Þorkelsson
- Sveinn Aron Guðjohnsen
- Valgeir Lunddal Friðriksson
- Viktor Örlygur Andrason

Slæleg vinnubrögð í Laugardal



Hörður Snævar Jónsson
hordur
@frettabladid.is

Ljóst er að víða er pottur brotinn í íslenskri knattspyrnu og margt þarf að bæta. Grétar Rafn Steinsson tók fram marga áhugaverða punkta í skýrslu sinni sem hann skilaði til KSÍ síðasta sumar.



KSÍ er vandi á höndum að leiða hreyfinguna í gegnum nauðsynlegar breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FOTBOLTI Skýrslan sem Grétar Rafn Steinsson skilaði til KSÍ í júlí varð ekki opinber fyrr en Fréttablaðið hóf að birta hana á aðfangadag. Æðstu stjórnendur KSÍ höfðu setið með skýrsluna á borði sínu en ákveðið að ekki þyrfti að hafa neinar hraðar hendur í að vinna úr henni og taka einhver atriði til greina og bæta þau. Allt fór á fulla ferð eftir birtingu Fréttablaðsins og sambandið hóf að senda skýrsluna út á aðildarfélögin.

Fimm mánuðum eftir að Grétar Rafn skilaði skýrslu sinni til KSÍ hafði engin almennileg vinna farið fram, stjórn KSÍ hafði að stærstum hluta ekki hugmynd um skýrsluna og það hafði starfsfólk sambandsins ekki heldur. Ljóst er að þarna brugðust þeir sem ráða hjá KSÍ, að sitja með skýrsluna óhreyfða á borði sínu í fleiri mánuði er merki um slæleg vinnubrögð. Gera þarf betur í málefnum sem skipta fótboltann í landinu máli.

Undanfarið ár hefur sambandið haft allan fókus á málefnin utan vallar, tekið var á þeim vandamálum sem höfðu komið upp og farið var að vinna úr þeim. Knattspyrnuhreyfingin er hins vegar farin að kalla eftir því að sambandið setji meiri einbeitingu á stöðuna innan vallar. Karlalandsliðið var í frjálsu falli í tólf mánuði en hefur sýnt örlitlar bætingar, kvennalandsliðið sýnir engar bætingar og staðan í íslenskum fótbolta er almennt nokkuð slæm.

Skýrsla Grétars ætti að vera gott tæki fyrir sambandið og hreyfinguna til að ræða málin og setja meiri einbeitingu á málin innan vallar. Ekki að stinga hausnum ofan í sandinn og vona að skýrslan gleymist.

Það er fullt af punktum í skýrslu Grétars þar sem bent er á hluti sem þarf að bæta og á að bæta. Eitt af því er að ráða inn fleira starfsfólk hjá KSÍ, til þess að það verði hægt þarf sambandið að skoða hvernig það fer með fjármuni sína.

Eitt af því sem hægt væri að byrja á er að láta félög landsins greiða fyrir dómarakostnað. Í afreksþjálfun eins og sambandið á að standa fyrir heldur það engu vatni að sambandið borgi fyrir dómarakostnað í neðstu deildum fótboltans hér á landi. Dómarakostnaður var samkvæmt heimildum nálægt 300 milljónum króna á síðasta ári.

Taka þarf þá umræðu hvort ekki eigi að setja þátttökugjald á öll félög í deildum hér landi, 2 milljónir króna á lið í efstu deildum og svo lækkar upphæðin eftir því sem neðar er farið gæti virkað. Þá væru til fjármunir til að nýta í faglegt starf KSÍ og auka fjölda starfsmanna KSÍ sem eru sárafáir í öllum samanburði við önnur lönd. Þetta yrði líka til þess að bumbuboltafélög færu frekar í utandeildir þar sem þau eiga frekar heima, eðlilega sitja þau sem fastast í keppnum KSÍ þegar kostnaðurinn er nánast enginn.

> **Sumir kunna að hafa aðra skoðun en Grétar en aldrei í lífinu hefur orðið framþróun í neinu nema að umræða fari fram.**

Sá punktur Grétars að á Íslandi sé byrjað á röngum enda stuðaði marga. Stærstum hluta tekna félagsliða er varið í laun í stað þess að byggja til framtíðar, við borgum atvinnumannalaun í áhugamannaumhverfi eins og Grétar orðaði það. Þessi staðhæfing og í raun staðreynd frá jafn sterki rödd og Grétari er nauðsynleg fyrir íslenskan fótbolta. Launaskrið hefur verið í fótboltanum hér á landi undanfarin ár en gæðin hafa síst orðið meiri. Spurning er hvort hægt sé að nota fjármunina betur því mörg lið í Bestu deild ráða varla við gerða samninga, borga seint og illa og eru í tómri klípu.

Það á ekki að þurfa að vera óþægilegt að ræða hlutina, sumir kunna að hafa aðra skoðun en Grétar en aldrei í lífinu hefur orðið framþróun í neinu nema að umræða fari fram. Það hefur oftar en ekki verið einn stærsti galli íþróttahreyfingarinnar að umræðan um málin, stöðuna og hvort vegferðin sé rétt eða röng fer sjaldan fram. Fari hún fram er það iðulega ekki á opnum vettvangi.

Það er vonandi að sambandið og hreyfingin nýti vinnu Grétars, það er ekki tilviljun að hann hefur starfað hjá Tottenham og Everton á undanförnum árum og fleiri stórlið í Evrópu hafa sóst og sækjast eftir kröftum hans. Hann hefur þekkingu á því sem hann skrifar um og það er sjálfsögð krafa að KSÍ nýti þá vinnu betur sem það sjálft réð Grétar til að vinna en gert hefur verið undanfarna mánuði. ■

Von á stuði og stemningu í Þýskalandi í dag

aron@frettabladid.is

HANDBOLTI Lokahnykkurinn á undirbúningi íslenska karlalandsliðsins í handbolta hefst í dag er liðið mætir Þjóðverjum í fyrri leik liðanna í tveggja leikja törn. Uppselt er á báða leiki sem fara annars vegar fram í Bremen og hins vegar í Hannover.

Eins og staðan er í dag, fyrir komandi æfingaleiki, eru allir leikmenn landsliðsins heilir og vonast Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari íslenska liðsins, til að svo verði einnig eftir leikina en Ísland hefur síðan leik á HM í handbolta þann 12. janúar næstkomandi.

„Við höfum auðvitað lent í því áður að leikmenn meiðist svona skömmu fyrir mót, það er alltaf eitthvað sem getur gerst," segir Guðmundur við Fréttablaðið. „Handbolti er líka þannig íþrótt að það er hart tekist á. Við vonum bara að við losnum við allt svona."

Ísland er í riðli með Portúgal, Ungverjalandi og Suður-Kóreu á HM og hefur Guðmundur, ásamt sínu aðstoðarfólki reynt að greina þau lið í þaula. Þessi lið eru einnig að leika sína síðustu leiki fyrir HM þessa dagana.

Hversu mikið er að marka þá?

„Við höfum auðvitað gert ráðstafanir til að ná í alla þá leiki sem við getum komist yfir. Við fáum leiki Portúgal núna um helgina, höfum nú þegar fengið upptökur úr leikjum Suður-Kóreu en það hefur reynst erfiðara að fá upptökur frá leikjum Ungverjalands. Það er ekki einfalt mál."



Miklar væntingar eru gerðar til landsliðsins á HM en um helgina sér þjóðin hvar liðið stendur í raun og veru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Uppselt er á þessa tvo leiki Þýskalands og Íslands í dag og á morgun og von á afar góðri stemningu á pöllunum, góðir undirbúningsleikir fyrir íslenska landsliðið sem spáð er góðu gengi á HM.

Þá verður leikur dagsins í dag ansi sérstakur fyrir Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfara Þýskalands, en þetta er í fyrsta skipti á ferlinum sem hann mætir Íslandi í leik. ■

Heppilegir staðir til að heiðra minningu Pele

Gianni Infantino, forseti FIFA, vill að allar þjóðir heims nefni einn leikvang í landi sínu í höfuðið á goðsögninni, Pelé. Fréttablaðið skoðaði hvaða vellir koma til greina hér á landi.

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Pelé lést í síðasta mánuði 82 ára að aldri en hann er talinn einn allra besti knattspyrnuleikmaður sögunnar.

Gianni Infantino er vongóður um að nafn Pelé verði heiðrað um allan heim með því að nefna einn leikvang í hverju landi með hans nafni. Pelé lék allan sinn feril í Brasilíu fyrir utan stutt stopp í Bandaríkjunum og vann HM með þjóð sinn í þrígang. Pelé kom til Íslands árið 1991 og heimsótti þá Akranes, Akureyri, Egilsstaði, Vestmannaeyjar og höfuðborgarsvæðið.

Fréttablaðið fór á stúfana og skoðaði hvaða vellir gætu komið til greina sem næsti Pelé-völlur. ■



Pele var fyrsta stórstjarnan í fótboltanum en hann heimsótti land og þjóð árið 1991. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Pelé Park

Vilhjálmsvöllur á Egilsstöðum er nefndur eftir Vilhjálmi Einarssyni spjótkastara. Völlurinn er hins vegar oftar en ekki kallaður Villa-Park. Það væri nokkuð einföld breyting að setja þar upp Pelé Park en knattspyrnugoðsögnin átti góðar stund á Egilsstöðum. Líklega myndi heimafólki þó ekki hugnast þessi breyting enda Vilhjálmur einn dáðasti sonur Austurlands.




Pelé-Krikinn

Hafnfirðingar gætu heiðrað Pelé með því að breyta nafninu á Kaplakrika í Pelé-Krika. Heimsókn hans í Kaplakrika árið 1991 var fræg en þar hitti hann meðal annars Friðrik Dór Jónsson og fleiri góða kappa. Hver væri ekki til í að skora mark í Pelé-Krikanum?



Svarta Perlan

Valsmenn gætu svo sannarlega heiðrað minningu Pelé og með því gætu þeir nýtt sér eitt helsta kennileitið við völlinn. Pelé var oft kallaður Svarta perlan í fótboltanum en við Hlíðarenda stendur Perlan og við hlið hans gæti komið Svarta Perlan sem yrði heimavöllur Vals.



Pelé-Skjól

Nýtt KR-svæði er handan við hornið. Og þegar það rís mun KR-inga ekki skorta neitt. Pelé var eiginlega vinur Geirs Þorsteinssonar, sem var formaður knattspyrnudeildarinnar forðum daga, og því ekkert nema tilvalið að skella Pelé-nafninu á nýja svæðið.



Pelé-Kórinn

Hitastigið í Kórnum er nær því sem þekkist í Brasilíu og því gætu HK-ingar breytt nafninu á höllinni sinni í Pelé-Kórinn. HK-ingar hafa lengi barist fyrir því að fá að selja nafnið á Kórnum en gætu þarna breytt nafninu á höll sinni í Pelé-Kórinn og þar með heiðrað minningu eins merkilegasta fótboltamanns allra tíma.



Pelé-Völlur

Hásteinsvöllur er goðsagnakennt nafn enda vallarstæðið einstakt. Pelé mætti jú með einum dáðasta syni Eyja, Ásgeiri Sigurvinssyni, og skemmti sér vel. Hann spurði meira að segja Ásgeir hvort hann ætti eyjuna. Í Eyjum afhenti Pelé enska drengjalandsliðinu verðlaun fyrir að hafa unnið svokallað Norðurlandamót sem haldið var þar þannig að þetta er í raun borðleggjandi þó að Ásgeirsvöllur ætti auðvitað vera nafnið.



Pelé-Garður

Miðgarðshöllin í Garðabæ er vissulega töff nafn og töff höll fyrir utan smá myglu. Garðabær kom þó ekkert við sögu í heimsókn Pelé en nafnið gæti dreift athyglinni frá vandræðunum með mygluna.



BIRNADROFN@FRETTABLADID.IS

Þakklæti

> Viðhorf Árna er eitthvað sem ég get hugsað mér að tileinka mér. Þakklæti fyrir lífið og gott fólk.

Í vikunni hitti ég feðgana Árna Þórð Sigurðarson og Sigurð Þ. Ragnarsson. Þeir sögðu mér söguna af veikindum Árna á einlægan og hreinskilinn hátt og alveg síðan ég hitti þá hafa þeir verið mér ofarlega í huga. Sögu þeirra má lesa hér í þessu tölublaði.

Árni var heilbrigður ungur maður sem veiktist alvarlega á einni nóttu. Fótunum var gjörsamlega kippt undan honum, honum var haldið sofandi í marga mánuði og oft var tvísýnt um hvort hann myndi hreinlega lifa af.

Lífsviðhorf Árna er ótrúlegt. Hann ákvað strax að hann ætlaði að ná sér af veikindum sínum og ná fyrri styrk. Sem hann og gerði. Jákvæðni skín af honum og hann er svo þakklátur. Þakklátur fyrir lífið sem hann fær að lifa og þakklátur fólkinu sem hjálpaði honum og hlúði að honum á spítalanum. Nú er hann spenntur fyrir því að þurfa að mæta í vinnu, það er draumurinn hans og markmið.


Viðhorf Árna er eitthvað sem ég get hugsað mér að tileinka mér. Þakklæti fyrir lífið og gott fólk. ■

Við mælum með



Jólaleysi
í gær rann þrettándinn upp svo í dag eru ekki lengur jól. Við mælum með því að af-jóla heimilið um helgina. Taktu niður jólaskrautið og jólatréð, seríurnar, kransana og skiptu rauðum kertum út fyrir aðra liti. Kláraðu ilmkertin með jólalyktinni, allt konfektið, sörurnar og alla aðra afganga og byrjaðu svo næstu viku jólalaus.

Sundferð
Fátt er meira hressandi en ferð í sund. Sama hvort það er til að slaka á í gufunni, spjalla í pottinum, leika sér í lauginni eða synda, allt gefur það mikla orku og hressleika. Við mælum sérstaklega með sundlauginni á Seltjarnarnesi, saltpottinum í Laugardalslaug, rennibrautinni á Álftanesi og gufunni í Sundhöllinni.





Messa fór einnig fram í Hallgrímskirkju í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kom frá Úkraínu til að messa fyrir flóttafólk

Í dag klukkan tíu verður jóladagsmessa í Hallgrímskirkju á vegum úkraínsku rétttrúnaðarkirkjunnar. Faðir Lavrentiy kom frá Kænugarði í Úkraínu til að halda messuna en hann fékk sérstakt leyfi til að ferðast hingað frá kirkjunni og frá biskupi Íslands til að halda messuna í Hallgrímskirkju.

lovisa@frettabladid.is

„Ég er hér til að halda jólamessu, kvöldbænir og minna á helgisiði fyrir úkraínska flóttamenn sem hafa sótt um hæli hér á Íslandi. Það er mér mjög mikill heiður að fá leyfi frá mínum biskupi og minni kirkju og Agnesi Sigurðardóttur biskupi til að þjóna hér á landi.

Hér eru um tvö þúsund manns frá Úkraínu sem hafa þörf fyrir að biðja fyrir friði, fyrir Úkraínu og til að þakka Guði og Íslandi fyrir aðstoðina sem þau hafa fengið hér," segir faðir Lavrentiy frá úkraínsku rétttrúnaðarkirkjunni, sem segist afar þakklátur fyrir tækifærið.

Hann segir að messan verði nokkuð hefðbundin og svo í lok hennar muni hann leiða söng á úkraínskum jólalögum með aðstoð söngkonunnar Alexöndru Chernyshova.

Spurður um ferðalagið til Íslands segir hann það hafa verið afar flókið. Hann hafi fyrst tekið lest, svo rútu og leigubíl og svo flug í Varsjá.

Ástæðan fyrir því að messan er núna og í raun jólahátíðin er sú að úkraínska rétttrúnaðarkirkjan miðar við annað dagatal.



Lavrentiy klæðist hefðbundnum klæðum presta á myndinni og ber kross sem hann fékk að gjöf. Hann er gylltur og og skreyttur eðalsteinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég er svo ánægður með að fá að halda messuna í Hallgrímskirkju. Ég varð agndofa yfir byggingunni og mannvirkinu sjálfu. Presturinn var líka afar indæll og leyfði mér að prófa sönginn því það er hluti af hefðbundinni messu að syngja saman í lok hennar," segir hann en hann mun lesa upp texta og kveðju frá kirkjunni.

„Í prédikun minni mun ég fókusera á jólin og gjafirnar sem Jesús hefur fært okkur. Friður, sátt og samlyndi og virðing á milli fólks. Þetta er mikilvægt núna eins og alltaf áður."

Spurður hvernig messum sé almennt háttað núna og hvort fólk hafi leitað meira til kirkjunnar eftir að stríðið hófst segir hann fyrst marga hafa farið en að nú hafi margir snúið aftur. En eftir áramót hefur verið svo mikið sprengt að fólk hefur haldið sig heima.

„Ég er með forrit í símanum, eins og allir, sem lætur okkur vita þegar loftárásir eru í vændum og þær hafa verið mjög tíðar frá áramótum. Eftir að ég kom hingað og kveikti á símanum og komst á netið voru þær það fyrsta sem ég heyrði," segir hann. ■

Í vikulokin

Stjórnvöld vinna fyrir einhverja aðra en mig og þig



Ólafur Arnarson

Flest er miklu dýrara hér á landi en annars staðar.

Ein ástæða þessarar miklu dýrtíðar er að við notumst hér við gjaldmiðil sem er í raun hálfgert plat. Hvergi annars staðar í heiminum en hér á klakanum er hægt að nota þennan gjaldmiðil.

Gjaldmiðillinn einn kostar okkur Íslendinga minnst 300 milljarða á hverju einasta ári. Þessa fyrstu viku ársins hefur krónan kostað okkur sex milljarða, tæpan milljarð á dag hvern einasta dag, líka um helgar.

Vegna krónunnar borgum við íbúðirnar okkar þrisvar en ekki einu sinni eins og reyndin er í löndum sem nota burðuga gjaldmiðla. Þetta finnst ráðandi stjórnmálamönnum í lagi. Spyrja má fyrir hverja þeir vinna.

Krónan er vond mælieining. Í hruninu 2008 dróst landsframleiðsla saman um 10 prósent, mælt í krónum. Í evrum dróst hún saman um meira en helming. Við höfðum því í raun helmingi minna milli handanna en ekki 10 prósent.

Matur á Íslandi er óheyrilega dýr og verður enn dýrari innan skamms, eins og fréttir af verðhækkunum heildsala og framleiðenda gefa til kynna. Ein helsta ástæða þess hve matur er dýr hér er að íslensk stjórnvöld vilja að hann sé dýr. Þau tryggja að hann sé dýr.

Þetta gera þau með því að reisa verndarmúra um innlenda matvælaframleiðslu. Múrarnir eru ekki til stuðnings íslenskum bændum og landbúnaði eins og látið er að liggja og sannarlega eru þeir ekki til hagsbóta fyrir íslenska neytendur.

> Múrarnir eru ekki til stuðnings íslenskum bændum og landbúnaði.

Verndartollar eru settir til að vernda innlenda framleiðslu, er okkur sagt. Hvaða innlendu framleiðslu verndar 50 prósenta tollur á franskar kartöflur? Hér á landi eru ekki framleiddar franskar kartöflur.

Tollkvótar eru boðnir út og þá kaupa stórframleiðendur og milliliðir í þeim tilgangi einum að koma í veg fyrir að ódýr matvara rati í hillur íslenskra verslana. Með þessu móti geta þeir haldið uppi verði til neytenda. Þetta finnst ráðandi stjórnmálamönnum í lagi. Fyrir hverja vinna þeir?

Ekki mig.

Ekki þig. ■

SR30

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA



GULLÖLD SVEIFLUNNAR

PÁLL ÓSKAR
REBEKKA BLÖNDAL - MARÍNA ÓSK

Glæsilegustu nýárstónleikar ársins!
Sívinsælir sveiflutónleikar Stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930-50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Páll Óskar, Rebekka Blöndal og Marína Ósk**.

Stjórnandi & kynnir: Sigurður Flosason


▶ **8. JANÚAR**
▶ KL. 20.00
▶ **ELDBORG**

Miðasala á HARPA.IS og TIX.IS



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Árni Þórður Sigurðarson var heilbrigður ungur maður þar til hann veiktist skyndilega í desember árið 2021. Honum var haldið sofandi í um fimm mánuði og var í lífshættu í næstum heilt ár. Árni fer yfir sögu sína ásamt föður sínum Sigurði Ragnarssyni, betur þekktum sem Sigga stormi.



Feðgarnir Árni Þórður og Sigurður vinna nú báðir í því áfalli sem veikindi Árna voru fyrir fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Óttaðist um líf hans á hverjum degi

Árni Þórður Sigurðarson var 29 ára gamall í desember árið 2021 þegar hann veiktist skyndilega og mjög alvarlega. „Ég hef alltaf verið heilbrigður en á þessum tíma var ég aðeins búinn að missa tökin. Ég var hættur að hreyfa mig og hafði aldrei verið þyngri," segir Árni.

Hann hafði verið mikið í íþróttum þegar hann var yngri og var útskrifaður úr íþrótta- og heilsufræði. „Ég var týpan sem keppti í skólahreysti en þarna var andlega heilsan farin að versna aðeins," segir hann.

Hann segir þessa þætti líklega hafa haft áhrif á að hann veiktist en að læknar hafi þó tjáð honum að veikindin hefðu getað hent hvern sem er.

Fimmtudaginn 16. desember árið 2021 fer Árni að finna fyrir verkjum í kviðnum. Hann gefur þeim ekki mikinn gaum til að byrja með. „Ég vissi að það var eitthvað í gangi en ég hélt bara að þetta væri eitthvað sem ég hefði borðað og ég lét það vera," segir hann.

Daginn eftir líður Árna enn verr og verkirnir orðnir svo miklir að hann á erfitt með að komast fram úr rúminu. „Það er oft talað um verki á skalanum einn upp í tíu og þetta var alveg blikkandi níu," segir hann.

Næsta dag harkar Árni enn af sér, fer út með hundinn sinn Storm og reynir að lina verkina með verkjalyfjum en ekkert virkar og hann heldur hvorki mat né drykkjum niðri. „Ég ligg bara í fósturstellingu í rúminu alla laugardagsnóttina og hringi svo í mömmu á sunnudagsmorgninum og hún heyrir strax að það er eitthvað að, þarna er ég bara að detta út," segir Árni.

Móðir Árna var erlendis ásamt föður hans en segir honum að hringja í eldri bróður sinn sem kemur yfir og hringir á sjúkrabíl. „Ég bara dett í fangið á bróður mínum þegar hann kemur, ég hefði auðvitað átt að vera löngu búinn að hringja í sjúkrabíl," segir Árni.

Vill ekki láta hafa fyrir sér

„Árni er svona týpa sem vill ekkert láta hafa fyrir sér, hann hefur alltaf verið þannig," segir Sigurður Þ. Ragnarsson, faðir Árna, en hann er betur þekktur sem Siggi stormur.

Siggi var ásamt eiginkonu sinni Hólmfríði Þórisdóttur á Spáni þegar Árni veikist. „Hann sendir mér SMS þegar hann er kominn á spítalann og segir mér að það sé verið að gefa sér morfín. Næstu fréttir sem ég fæ eru frá lækni á gjörgæsludeildinni á Hringbraut. Hann segir okkur að honum þyki leiðinlegt að segja okkur að það hafi þurft að svæfa drenginn okkar og að hann sé í öndunarvél," segir Siggi.

„Hann segir okkur að ástand hans sé krítískt, að hann sé í lífshættu og að þau ráðleggi okkur að koma strax heim og við auðvitað gerum það. Þau benda okkur svo strax á að tala við sjúkrahúsprest og fá andlegan stuðning því að það vissi enginn hvað hver dagur bæri í skauti sér. Við þurftum bara að hugsa einn dag í einu," bætir Siggi við.

Við tóku fjórir og hálfur mánuður þar sem Árna var haldið sofandi og foreldrar hans og fjölskylda biðu í von og óvon. Í ljós kom að Árni hafði fengið brisbólgu og í kjölfarið kom upp bilun í fjölda líffæra hans, sem formlega kallast fjöllíffærabilun.

„Það bara verður að koma fram að ég á ekki orð yfir öðlingsfólkið sem vinnur á gjörgæslunni á Hringbraut. Yfirlæknirinn Sigurbergur Kárason er ótrúlegur. Við höfðum allan tímann aðgang að læknum og fengum allar þær upplýsingar sem við þurftum," segir Siggi.

„Við gátum ekki farið að sofa án þess að fá upplýsingar um það hvernig honum liði og hvað væri að gerast. Við urðum að hringja og við fengum alltaf svar, svona símtal jafnaðist á við tvær til þrjár svefntöflur," segir Siggi brosandi.

„Það er alltaf verið að velja manneskju ársins en þetta fólk er fólk aldarinnar," skýtur Árni inn í.

Siggi segir það hafa tekið mikið á alla fjölskylduna að horfa á Árna veikan á spítalanum og að þau hafi fundið til mikils vanmáttar. „Ég er mikil tilfinningavera og þetta tók svakalega á mig. Hann er í heildina í lífshættu í meira en tíu mánuði og þegar maður byrjar hvern einasta dag, mánuð eftir mánuð, á því að vera hræddur um barnið sitt þá tærist maður einhvern veginn upp," útskýrir hann.

„Hann var sjúklingurinn og ég er ekki að vorkenna mér en ég var kominn í mikla vanlíðan sökum kvíða sem ágerðist hratt og hafði mikil líkamleg og andleg áhrif á mig," segir Siggi.

Hann tjáði sig mikið um veikindi Árna á Facebook-síðu sinni og fann fyrir miklum stuðningi. „Það voru alveg einhverjir sem fannst skrítið að ég væri að tjá mig um þetta opinberlega en þetta var mín leið og við fengum mikil viðbrögð og mikinn stuðning. Það voru um sjö þúsund manns sem sýndu okkur stuðning á einhvern hátt. Á Facebook, með skilaboðum eða símtölum," segir Siggi og bætir við að erfiðust hafi honum þótt símtölin.

„Mér fannst erfitt að tala um þetta, auðveldara að skrifa," segir hann.

Árni segir það hafa skipt hann miklu máli að foreldrar hans hafi fengið stuðning víðs vegar að. „Mér þótti mjög mikilvægt að þeim liði vel og það sem mér finnst erfiðast við þetta allt er hvað þetta var erfitt fyrir þau," segir hann.

Aftur í lífshættu

Þegar Árna hafði verið haldið sofandi í um fjóra og hálfan mánuð vaknaði hann loks og allt horfði til betri vegar. Enginn trúði því hversu hraður batinn var.

„Hann var máttlaus fyrst en svo gerist þetta mjög hratt. Hann er með talgervil þarna og nær að segja



> Starfsfólkið á spítalanum kallaði þetta einhvers konar kraftaverk en ég var bara að reyna að komast úr aðstæðunum í smástund.
>
> Árni Þórður

okkur að hann vilji spila á píanó," segir Siggi en Árni er mikill tónlistarmaður og spilar á fjölda hljóðfæra. „Starfsfólkið hafði bara aldrei heyrt svona áður en fer með hann á stjá um spítalann og það finnst píanó, meira að segja flygill og hann tekur þrjú lög. Það var búið að búa okkur undir það að hann myndi ekki hafa neina samhæfingu en hann bara spilar," bætir Siggi við.

Vaknaðir þú bara og það fyrsta sem þú vildir gera var að spila á píanóið?

„Sko, fyrst og fremst langaði mig að komast út úr þessu herbergi. Gera eitthvað annað en að hlusta á pípið í öllum vélunum og horfa á hvítu veggina. Ég hafði áður farið á rúnt um spítalann og þá sá ég píanó og mig langaði að spila. Ég var svo máttlaus í fingrunum að ég veit ekki alveg hvernig ég fór að því," segir Árni.

„Starfsfólkið á spítalanum kallaði þetta einhvers konar kraftaverk en ég var bara að reyna að komast úr aðstæðunum í smástund," segir hann.

Stuttu síðar var ákveðið að Árni færi í endurhæfingu á Grensás. Sigga fannst það of snemmt þar sem Árni átti erfitt með að nærast en hann ákvað að treysta læknunum eins og hann hafði gert allan tímann.

„Þarna verður mikið bakslag og ég er afar bitur út í Grensás. Afsakaðu orðalagið, en þeir vorum næstum búnir að drepa hann," segir Siggi. „Hann er á Grensás í svona viku eða tíu daga, en hann getur nánast ekkert borðað en hann getur aðeins drukkið því þarna voru nýrun komin í lag, eitt líffærið á fætur öðru var að taka við sér og allt stefndi í rétta átt," útskýrir Siggi.

„Ég sé að honum hrakar og þetta endar með ósköpum," bætir hann við.

Líkt og Siggi segir átti sonur hans erfitt með að borða og halda niðri mat. „Einn daginn er hann svo máttfarinn, hann kastar upp og það fer í lungun á honum og í kjölfarið fær hann svæsna lungnabólgu," segir Siggi.

„Ég varð svo veikur að ég fékk 42 stiga hita," segir Árni.

Í kjölfarið fer hann aftur á Landspítalann þar sem í ljós kemur að hann er virkilega vannærður. „Ég var búinn að segja að það þyrfti að gefa honum næringu en það hlustaði enginn á mig," segir Siggi.

Veikindi Árna ágerðust hratt og hann var aftur svæfður og settur í öndunarvél. Læknar og hjúkrunarteymi voru ekki bjartsýn á bata hans og Siggi og Hólmfríður voru virkilega hrædd um drenginn sinn.

„Einn daginn hringir í okkur læknir og segir okkur að Árna hafi hrakað mikið, staðan hafi versnað hratt og að það gangi illa að halda uppi súrefnismettun. Við erum eiginlega beðin um að koma bara strax, þarna var bara verið að biðja okkur um að koma og kveðja hann," segir Siggi.

„Þá spyr ég hvort það séu í alvörunni engin önnur ráð, hvort þeir eigi engin önnur ráð uppi í erminni. Þá hefur gjörgæslulæknirinn samband við Lækna-Tómas, Tómas Guðbjartsson, hann er hjarta- og lungnalæknir og hann kemur á gjörgæsluna," segir hann.



Siggi stormur, Árni Þórður og hundurinn Stormur sem Árni segir hafa veitt sér mikla gleði eftir að hann kom heim af spítalanum. Þá hugsuðu Siggi og Hólmfríður um Storm á meðar Árni lá á sjúkrahúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Í ljós kemur að þeir eiga eitt örþrifaráð uppi í erminni. Það er að snúa honum á grúfu," segir Siggi.

Árni var þarna mikið veikur og það eitt að snúa honum á grúfu var jafn líklegt til þess að bjarga honum og binda enda á líf hans. „Við urðum bara að treysta þeim og Tómas vildi gera þetta. Svo honum var snúið við og hann átti að vera þannig í sextán tíma," segir Siggi.

Þegar búið var að snúa Árna tók við bið og í fyrstu gerðist ekkert, hann hvorki versnaði né skánaði. „Svo allt í einu fer hann að sýna svörun og þetta lukkast svona vel. Ég get aldrei þakkað Tómasi Guðbjartssyni og fólkinu á gjörgæslunni fyrir þessa lífsbjörg sem þarna átti sér stað," segir Siggi.

Aftur tók við hraður bati hjá Árna, en þegar kom að því að hann ætti að fara í endurhæfingu gat hvorki hann né faðir hans hugsað sér að hann færi á Grensás. Ákveðið var að hann færi til Spánar í endurhæfingu.

„Ég stefndi alltaf að því að vera laus af spítalanum á þrjátíu ára afmælinu mínu, það var 23. september síðastliðinn. Það gekk ekki alveg eftir en ég losnaði nokkrum dögum seinna, en reyndar bara í nokkra daga," segir Árni.

„Síðustu tvo mánuðina sem ég ligg á spítalanum er ég með einhvern rosalegan verk í bakinu og ég hafði oft orð á því. Þarna var ekki hlustað á mig og læknirinn hélt að ég væri að gera mér upp verkina til að fá meiri morfínlyf til að komast í vímu," segir Árni sem þarna var orðinn líkamlega háður lyfjunum sem hann hafði verið á í hátt í ellefu mánuði. Verkurinn í bakinu reyndist vera vegna fimm gallsteina sem þurfti að fjarlægja með skurðaðgerð.

„Þetta snerist ekkert um að komast í vímu, ég þurfti bara þessi lyf," segir Árni. „Þegar ég var síðan loksins útskrifaður fékk ég með mér lista af lyfjum sem ég átti að taka en bara lyfseðil fyrir helmingnum af þeim," segir Árni.

Einn daginn eftir að hann kom heim fór hann að skjálfa og upplifði aftur mikla verki. „Það var eins og það væri verið að stinga mig með litlum hnífum í bakið, ég var allur sveittur og skalf. Ég hélt að ég þyrfti að leggjast aftur inn og þetta væri allt að gerast aftur. Í ljós kom að ég var í fráhvörfum frá morfínlyfjunum, ég bara fattaði það ekki," segir Árni.

Ótrúlegur bati

Bati Árna er ótrúlegur, nú aðeins um þremur mánuðum eftir útskrift er varla að sjá á honum hversu veikur hann var. „Ég ákvað bara strax að ég ætlaði að ná mér. Ég fór til Spánar þar sem ég borðaði hollt, synti á hverjum degi, hjólaði og lyfti lóðum, þetta voru eins og herbúðir. Ég ætlaði mér að komast aftur á lappir og það tókst," segir hann.

En hvernig líður þér að tala um þetta og heyra pabba þinn segja frá þessu öllu?

„Eins og ég sagði áðan og ef ég segi allan sannleikann, þá vorkenni ég þeim að hafa þurft að horfa upp á þetta. Ég man ekkert eftir miklu, þetta er stysta ár í mínu lífi," segir Árni.

Hvernig er sú tilfinning að muna nánast ekkert, detta út í meira en fimm mánuði?

„Það er mjög skrítið. Ég man eftir örfáum augnablikum, eiginlega eins og ég sé að horfa á mynd. Einu sinni rumskaði ég og spyr hvaða mánaðardagur sé, mér er sagt að það sé fimmtándi og ég skil það ekki af því ég kom inn nítjánda. Og ég segi það getur ekki verið, ég kom hingað 19. desember, hún segir já, en nú er 15. febrúar. Mér brá mjög mikið og skildi ekkert," segir Árni.

Hann á aðra óljósa minningu þar sem hann vaknar um miðja nótt, í myrkri og eina sem hann sér er hjúkrunarfólk með grímur og hann er allur í slöngum. „Ég fríka bar út og rífur mér allar slöngurnar, hélt að það væri búið að ræna mér og væri verið að taka úr mér líffærin eða eitthvað, þetta hefur setið mikið í mér og ég fær reglulega flassbakk úr þessum atburðum," segir hann.

„Eina orðið til að lýsa þessu er að ég var bara mjög hræddur," segir Árni en hann er bæði hjá sálfræðingi og geðlækni þar sem hann vinnur úr reynslu sinni skref fyrir skref.

Siggi segist líka hafa leitað sér aðstoðar eftir veikindi Árna, hann segir lífssýn sína breytta en hann sagði sig til að mynda úr Miðflokknum í Hafnarfirði þar sem hann gegndi stöðu oddvita og gekk í Samfylkinguna. „Ég fór bara í algjöra endurskoðun á sjálfum mér og sá hvað skipti máli, það er þetta mannlega. Ég er búinn að vera að vinna mikið í þessum kvíða og hræðslu sem ég upplifði og ég á ekki von á öðru en að það takist."

En hvað er fram undan hjá þér, Árni?

„Það er eiginlega óákveðið. Ég vann sem tollvörður og var búinn að læra það en mig langar ekki endilega að fara að gera það aftur, alla vega ekki alveg strax," segir Árni.

„Það sem mig langar og ég hlakka til að gera er að þurfa að mæta eitthvert. Þurfa að fara í vinnuna. Ég fattaði það um daginn þegar snjórinn og færðin var sem verst, að ég væri til í að þurfa að fara í vinnuna, að ég léti mig hafa það í svona slæmri færð. Mig langar að þurfa að mæta á vinnustað þar sem er skemmtileg stemning," segir Árni vongóður í lokin. ■

Árna var haldið sofandi fyrst í rúma fjóra mánuði og svo í tæpan mánuð. Hér er hann ásamt móður sinni Hólmfríði Þórisdóttur. Árni segist óendanlega þakklátur starfsfólki Landspítalans sem hlúði að honum í veikindunum.

MYND/AÐSEND

> Ég get aldrei þakkað Tómasi Guðbjartssyni og fólkinu á gjörgæslunni fyrir þessa lífsbjörg sem þarna átti sér stað.
>
> Sigurður



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

Ísland fyrir hálfri öld

Ætla mætti að nær allt hefði breyst á hálfri öld, sérstaklega eftir allar þær tækni- og samfélagsbyltingar sem orðið hafa á liðnum áratugum. Margt er þó furðulega líkt með Íslandi árið 2023 og 1973.

Dómstóll götunnar



Morgunblaðið var sakað um að brenni-merkja manninn án dóms. MYND/VÍSIR

Umræðan um dómstól götunnar varð ekki til með Harvey Weinstein málinu og MeToo-byltingunni. Nei, hún var vel við lýði á Íslandi árið 1973. 5. janúar það ár fjallaði Morgunblaðið um hnífsstungumál þar sem 25 ára gamall sjómaður frá Akureyri stakk 19 ára stúlku í Breiðholti í misheppnaðri ránstilraun og bar við vímuefnaneyslu. Einum lesanda Vísis, líka frá Akureyri, fannst það óforskammað af Morgunblaðinu að „dæma manninn löngu áður en dómstóll hefur fjallað um mál hans“. Lögreglunni fannst blaðið einnig ganga of langt og „taka sér dómsvald í hendur“.



Líkamsræktarstöðvarnar fylltust eftir óhóf jólanna. MYND/VÍSIR

Í kjólinn eftir jólin

Eftir óhóflegt át á feitu og söltuðu kjöti, sykruðum kökum og öli, strengja Íslendingar heit um bætt líferni og halda í líkamsræktarstöðvar. Það er gömul saga og ný. Fréttakonan Edda Andrésdóttir heimsótti Heilsuræktina í Glæsibæ þar sem fóru fram harðar megrunaræfingar, með öndun og slökun í bland og austrænu jóga. Bauðst fólki að taka svokallaðan eplakúr, það er borða ekkert nema epli í þrjá daga og eina matskeið af ólífuolíu við háttatíma. Það kom hins vegar fyrir að fólk spryngi á limminu og gæfist upp á megruninni. Harðsperrur gátu reynst fólki erfiðar eftir fyrstu æfingarnar. Svo er enn.



Viðvaranir um reykingar fóru öfugt ofan í landann. MYND/VÍSIR

Hertu púið geysilega

Sígarettureykingar eru siður, eða ósiður, sem Íslendingar stunduðu af kappi á árum áður. Vitneskja um skaðsemi reykinga var orðin kunn árið 1973 og árið áður höfðu tóbaksauglýsingar verið bannaðar. Einnig voru komnar viðvaranir á pakkana um hversu óhollt það væri að nota vöruna. Það var þó sem landinn firrtist við þessu og jukust reykingar gríðarlega þetta ár. Þann 4. janúar greindi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins frá því að innflutningurinn á tóbaki hefði aukist um 70 prósent árið 1972 miðað við árið á undan. „Menn púa eins og þeir geta,“ sagði í frétt Vísis.

Þrettándaólætin



Táningar sóttu brennur. MYND/VÍSIR

Nú á dögum er þrettándinn stundum kallaður ýludagur því að ýlur eru það eina sem fólk á eftir úr flugeldapökkunum sínum og notar daginn til að fluðra þeim upp. Áður fyrr var hins vegar mikið fútt í þrettándanum og unglingar misstu gjarnan stjórn á sér. Lögreglan í Hafnarfirði var með viðbragð á þrettándanum 1973 enda höfðu skrílslæti eftir brennuna árið áður farið úr böndunum. Ákveðið var að hafa engar brennur og áskorun var dreift á öll heimili hvar foreldrar voru hvattir til þess að halda börnum sínum frá miðbænum þar sem mestu ólætin voru yfirleitt . Þetta ár voru það aðallega unglingar úr Reykjavík sem komnir voru í Hafnarfjörð til að leita að vandræðum. Við getum þakkað TikTok og Netflix fyrir dauða þrettándaólátanna.



Sigurlaug Sigurðardóttir, húsmóðir: Ég hef nú ekki beint gert mér grein fyrir því, en sennilega kemur nú að því fyrr eða síðar að þetta verði eitt.



Marteinn Sigurgeirsson, kennari: Þetta er allt saman sami grautur í sömu skál. Ég held að það væri líka til bóta fyrir heildarskipulagið.

Sameina höfuðborgarsvæðið

Hugmyndin um sameiningu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur lengi verið uppi og árið 1973 taldi almenningur að hún væri tímaspursmál. Það eina sem hefur hins vegar þokast í þessa átt er að Álftanes varð gjaldþrota og Garðabær keypti þrotabúið. Sveitarfélögum á landsbyggðinni hefur hins vegar fækkað úr rúmlega 200 í 58.



Kristján Finnbogason, lögregluþjónn: Er þetta ekki það, sem koma skal? Ég hugsa að þetta sé hagkvæmara upp á rekstur.

Krúnuraka afbrotaunglinga

Sú hugmynd var uppi að ein leið til þess að hegna afbrotaunglingum fyrir smáglæpi og vímuefnaneyslu væri að snoða hárið af þeim. Því fátt væri þeim nú kærara en þykkur makki. Sumir tóku vel í þetta en aðrir voru nútímalegri í hugsun og töldu faglega aðstoð betri lausn.



Guðrún Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur: Ég held að það hefði ekkert að segja, þeir myndu bara fyllast þrjózku. Það eina, sem ég held að nokkuð vit sé í, væri að veita þessu fólki sálfræðilega hjálp.




Karl Þorsteinsson Löne, nemi: Ég segi fyrir mig, að mér þykir vænt um mitt hár, og því held ég að þetta myndi kannski hrifa. Ég held að fæstir myndu vilja ganga um snoðklipptir.



Þorsteina Guðjónsdóttir, húsmóðir: Mér lízt ekkert illa á það. Þessir afbrotaunglingar eru líklega flestir sóðalegir, og, aldrei eru hreinir og vel klipptir unglingar óheiðarlegir, þá er það að minnsta kosti undantekning.

Sterk trú á drauga

Draugatrú Íslendinga er annáluð og finnst í öllum stéttum, líka lögreglunni. Alþýðublaðið greindi frá því 12. janúar að lögreglan sinnti útkalli í verslunar- og iðnaðarhúsi á horni Skúlagötu og Vitastígs eftir tilkynningu um umgang. Hurðin stóð opin um miðnætti en öflugt þjófavarnarkerfi hafði ekki farið í gang. Fimm lögregluþjónar leituðu hátt og lágt í húsinu en fundu engan bófa og engu hafði verið stolið. Allt í einu fór lyfta af stað þrátt fyrir að enginn væri í henni. Þegar ýtt var á takkann kom hún mannlaus til baka. Ekki fengust neinar skýringar á þessu svo augljóslega hafa draugar verið á ferð.



Húsið hefur nú verið rifið enda fannst þar draugagangur. MYND/SKJÁSKOT

Sóldýrkendur í skammdeginu

Sennilega eru hvergi jafn margir sóldýrkendur á byggðu bóli og hér á Fróni og því ekki skrýtið að þjóðin haldi sín jól á eyjunni Tenerife undan ströndum Afríku. Skammdegið fer vel í fáa og ruglar lífsklukkuna. Geðheilsu þjóðarinnar hrakar í myrkrinu og erfiðustu mánuðirnir koma eftir jólahátíðina. Eins ómerkilegt og íslenska sumarið er nú oftast þá er það alltaf vel þegið þegar það loksins kemur.



Margrét Ólafsdóttir, nemi: Það hefur hvorki mikil né slæm áhrif á mig, en ekki neita ég því, að ég er kátari á sumrin.



Anna Daníelsdóttir, húsmóðir: Það hefur mjög mikil áhrif á mig, ég verð öll þyngri, og ekki get ég neitað því, að svolitið fer það í skapið á mér. Ég er meira fyrir sólina.



Geir Jósefsson, öryrki: Skammdegið fór vel í mig í ár, það var svo gott veður. Ég get ekki sagt, að ég hafi fundið fyrir því núna, en oft áður hefur það haft vond áhrif á mig. Það má raunar segja, að ég sé sólarbarn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 7. janúar 2023

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Róbert Ísak Jónsson hefur í þrígang hampað Sjómannabikarnum.

Stuð og stemning í Laugardalnum

gummih@frettabladid.is

Eitt skemmtilegasta sundmót ársins er haldið í sundlauginni í Laugardalnum í Reykjavík í dag en þá fer fram hið árlega nýárssundmót íþróttafélags fatlaðra. Þetta sundmót er fyrir fötluð börn og unglinga og hefur ætíð skapast mikil og góð stemning á því en margir þátttakendur taka sín fyrstu skref í keppni á nýárssundmótinu.

Sjómannabikarinn verður afhentur en hann er veittur þeim keppanda sem vinnur besta afrek mótsins . Það var Sigmar Ólason, sjómaður frá Reyðarfirði, sem gaf bikar til keppninnar árið 1984 þegar fyrsta nýárssundmót fatlaðra fór fram.

Willum Þór heiðursgestur

Hefð hefur skapast fyrir því að bjóða heiðursgesti á mótið og hann verður að þessu sinni Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra. Hann mun afhenda verðlaun og sérstaka viðurkenningu til allra keppenda í lok mótsins.

Skólahljómsveit Kópavogs mætir á keppnissvæðið og mun sjá um tónlistarflutning, bæði áður en mótið hefst og við mótssetninguna en hljómsveitin setur jafnan hátíðlegan og skemmtilegan blæ á mótshaldið.

Íþróttasamband fatlaðra hvetur fólk til að koma og fylgjast með skemmtilegu móti en það hefst stundvíslega klukkan 15. ■





Steinar Gíslason sýnir verk sín á útskriftarsýningu nemenda Ljósmyndaskólans. Sýningunni lýkur á morgun en í dag og á morgun klukkan 14.00 og 16.00 verða nemendurnir með leiðsögn um sýninguna. Í verkum sínum glímir Steinar við niðurlægjandi slanguryrði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fáránleiki myndanna endurspeglar fáránleika orðanna

Útskriftarsýningu diplómanema við Ljósmyndaskóla Íslands lýkur um helgina þar sem níu nemendur sýna verk sín. Einn þeirra, Steinar Gíslason, sýnir verk undir yfirskriftinni: Hvaða bull er þetta? Verkin eru tilraun til að varpa ljósi á kvenfyrirlitningu í íslenskri tungu. 2

sandragudrun@frettabladid.is

Steinar segist alltaf hafa verið forvitinn um ásýnd hluta, alveg frá barnæsku.

„Ég hef alltaf verið dálítill sveimhugi. Þegar ég var krakki fannst mér allt svo undravert og sniðugt, sama hversu hversdagslegt það var í rauninni. Svo þegar ég varð eldri, unglingur og síðan fullorðinn, þá hvarf þessi forvitni eða lá í dvala í mörg ár," útskýrir Steinar.

Hann segir að forvitnin hafi kviknað aftur þegar myndavélarnar á snjallsímunum urðu betri. Hann keypti sér þá góða myndavél og fór að mynda umhverfið í kringum sig.

„En ég kunni í raun ekkert á vélina, mig langaði að læra meira, þá var bara ekkert annað í stöðunni en að fara í nám. Ég byrjaði á því að fara á kvöldnámskeið í Ljósmyndaskólanum, það voru bara einhver þrjú kvöld, en mér leist svo vel á það að ég ákvað að skella mér í fullt nám," segir hann um aðdraganda þess að hann skellti sér í tveggja og hálfs árs nám í ljósmyndun.

Steinar segir námið algjörlega hafa staðist væntingar sínar, en hann fór í námið með opinn huga.

„Maður þarf að vera duglegur að smakka á hlutunum ef maður vill fá sem mest út úr þeim. Sum fara í þetta nám með fastmótaðar skoðanir á því hvað þau vilja gera og hvaða tegund ljósmyndunar þau vilja halda sig við. Ég reyndi að losa mig við allt svoleiðis og vera bara mjög opinn. En það er auðvitað misjafnt hvað hentar hverjum og einum," segir hann og bætir við að hann sé enn að uppgötva nýja hluti innan ljósmyndunarinnar sem heilla.

> Ef þetta er skref í rétta átt að einhvers konar viðhorfsbreytingu þá er ég sáttur.
>
> Steinar Gíslason

„Ég er mikið núna í analog ljósmyndun, eða sem sagt filmuljósmyndun. Ég hef líka verið að vinna svolítið í deadpan ljósmyndun. Það er í rauninni svipbrigðalaus ljósmyndun, tilfinningalega fjarlæg eða hlutlaus nálgun á viðfangsefni. Það er allt öðruvísi en það sem ég hef verið að gera í útskriftarverkefninu mínu."

Hvaða bull er þetta?

Yfirskrift verka Steinars á útskriftarsýningunni er: Hvaða bull er þetta? Hann segir myndirnar vera tilraun til að varpa ljósi á kvenfyrirlitningu í íslenskri tungu. Hann gerir það á gamansaman hátt til að vekja athygli á fáránleika orðanna sem myndirnar túlka.

„Hugmyndin að útskriftarverkefninu kviknaði þegar ég las stutta grein á Vísindavefnum eftir Guðrúnu Kvaran, fyrrverandi prófessor við íslensku- og menningardeild HÍ. Þar var hún að fjalla um hin ýmsu orð sem tengjast kaffidrykkju. Það sem stakk mig við lesturinn var hve mörg þessara orða voru lituð af kvenfyrirlitningu, eins og kerlingarsopi, kerlingartár og kerlingarvatn. Þar las ég líka þetta skrítna orð meyjarhland, sem myndin á kynningarbæklingnum fyrir sýninguna túlkar. Orðið merkir víst þunnt kaffi. Ég fór að velta því fyrir mér hvernig ég gæti snúið þessu orði á haus. Úr varð mynd af manni að þynna kaffi í gegnum nærbuxur," útskýrir Steinar.

„Þessi grein var kveikjan að verkefninu, en svo fór ég að skoða fleiri bækur. Ég skoðaði til dæmis Óorð, bókina um vond íslensk orð eftir Jón Gnarr, og fann þar til dæmis orðið tengdamömmubox. Ég skoðað líka orðabókina um slangur, þar fann ég alls konar skrýtin orð eins og nunnupiss. Ég er að vinna með alls konar orð í myndunum og reyna að snúa þeim á haus. Fáránleiki myndanna á svolítið að endurspegla fáránleika orðanna."

Kellingar og nunnur

Steinar fékk karlmenn til að túlka orðin á hluta af myndunum. Hann sagðist hafa notað karlmenn þar sem oft er talað um að karlar hafi verið virkari en konur á slangurorðasviðinu.

„Mér fannst þess vegna passa betur að nota karla á myndunum, að máta þá við þessi hlutverk sem þeir hafa látið konum í té. Tilgangur verksins er í raun að varpa fram spurningunni: Af hverju þarf alltaf að líkja því sem er þunnt og veikt og stenst ekki kröfur við konur. Tala um kellinga-þetta eða kellinga-hitt, eða tala um vinnukonur eða nunnur? Ég er svolítið að nota húmor í myndunum til að benda á þetta," segir hann.

„Ef þetta er skref í rétta átt að einhvers konar viðhorfsbreytingum þá er ég sáttur. Ég lít á mig sem einhvers konar fulltrúa þeirra sem heimta viðhorfsbreytingar. Því þessi orð dúkka líka oft upp í almennri umræðu. Það er til dæmis mjög algengt á sviði íþrótta að þjálfarar líki frammistöðu sinna leikmanna við kellingar, ef þeir standa sig ekki nógu vel. Eða kellingar í saumaklúbbi eins og var sagt fyrir ekki svo löngu síðan. Það er svo ríkt í okkur að líkja öllu sem stenst ekki vísindalega skoðun, eða stenst ekki ströngustu kröfur eða er lélegt, við konur. Vinnukonuvatn er lélegt ilmvatn, nunnupiss er lélegt vín, þunnt vín eða heimabrugg, eitthvað sem er ómerkilegt."

Leyfir sér að vera forvitinn


Steinar segir að mestöll síðasta önn hafi farið í undirbúning á lokaverkefninu og sýningunni, en hún stendur yfir á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og er opin í dag og á morgun.

„Fyrsta árið í náminu fór í að ná tökum á undirstöðuatriðum tækninnar. Maður lærir að nota stúdíóljós og flass og stafræna og filmuljósmyndun og allt sem tengist því, bæði í myrkraherberginu og á helstu myndvinnsluforritum. Seinni hluta námsins er meiri áhersla á sköpun og fræðina bak við ljósmyndun, og svo vinnan við lokaverkefnið og þessi sýning," segir hann.

Steinar stefnir á að halda ótrauður áfram í ljósmynduninni núna þegar náminu er lokið og er með tvö verkefni í gangi eins og er.

„Ég er að taka eins konar deadpan myndir af fótboltamörkum sem má finna vítt og breitt um landið. Þetta eru mörk sem eru orðin svolítið veðruð og ég lít á þau sem eins konar tákn um gamla tíma. Eftir að KSÍ setti upp sparkvelli á öllum skólalóðum þá eru krakkar svolítið hættir að nota þessa velli, en þeir fá að standa, eins og minnisvarðar," útskýrir hann.

„Í hinu verkefninu er ég að fara aftur í ræturnar. Það er eins konar dagbók. Ég er að nota 35 mm filmu og taka myndir af umhverfinu í kringum mig. En það er ástæðan fyrir að ég fór í námið til að byrja með, að leyfa mér að vera forvitinn. Það er tilfinning sem fullorðnum hættir til að gleyma. En svo stefni ég auðvitað að því að vinna við eitthvað tengt ljósmyndun í framtíðinni, samhliða því að halda áfram með þessi verkefni." ■



Steinar veltir því fyrir sér í verkum sínum af hverju því, sem stenst ekki væntingar og kröfur, er gjarnan líkt við konur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Nunnupiss. Steinar fann orðin í ýmsum bókum en nunnupiss merkir lélegt eða þunnt vín, eða heimabrugg.



Meyjarhland. Orðið merkir þunnt kaffi en á myndinni sést túlkun Steinars á orðinu þar sem karlmaður þynnir kaffi í gegnum nærbuxur.

MYND/STEINAR GÍSLASON

30% afsláttur af laserlyftingu*

Laser andlitslyfting styrkir húðina með því að örva nýmyndun kollagens og eykur teygjanleika með því að bæta elastín. Við það lyftist húðin, andlitslínur minnka og húðin verður fallegri.

Tryggðu þér tilboðið með því að bóka tíma á www.hudin.is eða síma 519-3223



*gildir til 20. janúar.

Verið velkomin!

HÚÐIN skin clinic

Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf

Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

BESTI TÍMINN TIL AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASKEMMDIR Í ANDLITI

Við á Snyrtistofunni Hafblik sérhæfum okkur í árangursríkum háræðaslitsmeðferðum. Við lokum skemmdum háræðum, háræðastjörnum og blóðblöðrum í andliti. Tækið sem unnið er með er eina sinnar tegundar á Íslandi og vinnur með hljóðbylgjum. Hljóðbylgjurnar þurrka upp blóðprótein í veilu háræðunum og loka þeim af mikilli nákvæmni punkt fyrir punkt. Yfirleitt næst bati eftir 3 skipti. 4-5 vikur þurfa að líða á milli meðferða.
Við bjóðum upp á ókeypis skoðunartíma sem þarf að bóka fyrirfram. Myndir eru teknar af háræðaskemmdunum sem viðkomandi vill láta fjarlægja, tímalengd meðferðar og kostnaður áætlaður og meðferð og eftirmeðferð kynnt.

Nú er besti tíminn framundan að láta drauminn rætast að losna við háræðaskemmdirnar. **Þetta er lausnin.**
Guðrún Jóhanna eigandi Snyrtistofunnar Hafbliks þekkir þetta böl sem háræðaskemmdir valda á eigin skinni. Hjá henni komu þær í kjölfar rósroða en þær geta komið af margs konar öðrum ástæðum líka. Ár eftir ár þurfti hún að fara í lasermeðferðir hjá húðlæknum í tilraun til að laga háræðaskemmdir sem gaf lítinn sem engan árangur þrátt fyrir að vera eina lausnin á þeim tíma. Nú er lausnin komin með þessari tækni sem þetta hljóðbylgjutæki býður upp á. Hér á myndunum er dæmi um árangur háræðaslitsmeðferðanna hjá Snyrtistofunni Hafblik.



Fyrir



Fyrir



Eftir

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

Bókið frían tíma í skoðun/viðtal

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

Hárlosvandamálið er úr sögunni

Fanney Dóra Veigarsdóttir byrjaði að prófa að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine eftir að hafa upplifað mikið hárlos. Árangurinn kom henni virkilega á óvart en hún hefur ekki þurft að losa hár úr hárburstanum sínum í tvo mánuði.



Fanney Dóra segist aldrei hafa fundið eins mikinn mun á sér og eftir að hún byrjaði að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fanney Dóra eignaðist barn fyrir 19 mánuðum síðan og missti mikið hár í kringum brjóstagjöfina. Hún bjóst við að það myndi lagast með tímanum en hárlosið hélt bara áfram. Þá talaði hún við vinkonu sína sem benti henni á að taka inn Pure Omega-3 frá Good Routine.

„Ég fór fyrst í blóðprufu, en ég er mikill stuðningsmaður þess að láta athuga hvaða vítamín maður þarf áður en maður byrjar að taka inn bætiefni. Það kom í ljós að mig vantaði töluvert af vítamínum," útskýrir hún.

Í kjölfar blóðprufunnar byrjaði Fanney Dóra að taka inn Pure Omega-3 en hún ákvað að taka líka inn Synergize-Your-Gut fyrir magaflóruna og Daily-D3 d-vítamín, allt frá Good Routine.

„Það er svo mikið af alls kyns vítamínum á markaðnum og það er erfitt að átta sig á því hvað maður á að taka og hvað er betra en annað. Ástæðan fyrir því að ég valdi bætiefni frá Good Routine er að þegar vinkona mín sagði mér frá þessu merki þá leist mér svo vel á hvernig bætiefnin eru framleidd og hver innihaldsefnin eru," útskýrir Fanney Dóra.

„Það skiptir mig máli að það séu ekki innihaldsefni í þeim vítamínum sem ég tek sem ég þekki ekki eða get ekki auðveldlega fundið út hver eru."

Munurinn kom á óvart

Eins og áður segir var Fanney Dóra búin að glíma við mikið hárlos, en hún var líka farin að sofa frekar illa og finna fyrir þreytu.

„Það eru komnir tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn þessi bætiefni og munurinn sem ég finn á mér hefur komið mér virkilega á óvart. Áður fyrr þurfti ég að hreinsa hár úr hárburstanum mínum að meðaltali annan hvern dag. En ég hef ekkert þurfa að gera það síðan ég byrjaði að taka Omega-3 fyrir að verða tveimur mánuðum."

> Ég hef ekki fundið svona mikinn mun á mér áður þegar ég tek inn vítamín. Ég hef alveg fundið mun, en þetta er alveg sjáanlegur munur.



Pure Omega-3 hylkin samanstanda af ómega-3 fitusýrum í sínu náttúrulega formi.



Ráðlögð notkun af Pure Omega-3 eru tvö hylki á dag með mat eða vatni.

„Ég veit ekki hvort það er blanda af þessu þrennu, en læknar voru oft búnir að segja mér að taka inn Omega-3. Ég hef ekki fundið svona mikinn mun á mér áður þegar ég tek inn vítamín. Ég hef alveg fundið einhvern mun, en þetta er alveg sjáanlegur munur. Það er líka augljósara núna því ég var að breyta um háralit, ég var dökkhærð en er núna með rautt hár, svo ef ég sé hár liggja einhvers staðar þá sé ég það alveg á litnum hvort þetta eru gömul hár eða ný. Þetta er augljóslega að virka fyrir mig."

Kostir Pure Omega-3

Pure Omega-3 frá Good Routine inniheldur hæsta styrka af Omega-3 fitusýrum í hverri skammtastærð (1430 mg). Hylkin samanstanda af ómega-3 fitusýrum í sínu náttúrulega og stöðuga þríglýseríðaformi sem tryggir upptöku í frumuhimnum.

Pure Omega-3 er framleitt með einkaleyfisvörðu tækniferli Flutex™, sem felur í sér fjögurra stiga sértækt hreinsunarferli. Það tryggir að þungmálmar og önnur mengunarefni eru fjarlægð án þess að notast sé við leysiefni, háan hita eða aðrar ágengar aðferðir sem gætu haft áhrif á gæði.

Mælt er með Pure Omega-3 til að tryggja heilbrigði hjarta, augna, taugakerfis, húðar, beina og liðamóta, til að viðhalda eðlilegu magni lípíða í blóðinu, styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir ofnæmisviðbrögð og stuðla að vellíðan þeirra sem neyta ekki nógu mikils af góðri fitu. Ráðlögð notkun eru tvö hylki á dag, tekin með mat eða vatnsglasi eða samkvæmt tilmælum sérhæfðs ráðgjafa. ■

Sölustaðir Good Routine eru Hagkaup, Lyf & heilsa, Apótekarinn, Krónan, Fjarðarkaup og www.goodroutine.i

Listin að syngjast á við Ófelíur nútímans

Á fyrstu plötu sinni, Modern Age Ophelia, fetar Anna Sóley Ásmundsdóttir nýjar og spennandi leiðir á mörkum fortíðar og nútíðar og á forvitnileg samtöl við persónur bókmennta- og mannkynssögunnar.

jme@frettabladid.is

Anna Sóley segir plötuna Modern Age Ophelia sameina tónlistarkonuna og bókmenntafræðinginn í sér. „Ég fór í djasssöngnám í ArtEZ í Arnheim í Hollandi og útskrifaðist 2021. Eftir það fór ég í eins árs MA-nám í Utrecht. BA-ritgerðin mín í bókmenntafræði úr HÍ fjallaði um lagatexta. Þar greindi ég lagatexta Bob Dylan með greiningartækjum úr tónlistinni og bókmenntafræðinni," segir Anna Sóley.

Innblástur úr ólíkum áttum

Breiðskífuna segir Anna vera undir áhrifum nútímadjass, grúvs, popps og alþýðutónlistar. „Ég fékk innblástur úr ólíkum tónlistargreinum og blanda saman. Í sumum lögum eru ákveðin spunaelement sem tala til djassstefnunnar á meðan annars staðar má greina áhrif popp- og alþýðutónlistar. Platan á líka rætur í söngvaskáldastefnunni," segir Anna Sóley.


Á plötunni vinnur hún meira með texta en áður. „Áður en ég fór út í nám gaf ég út tvær smáskífur sem voru undir áhrifum grúv-tónlistar. Lögin á Modern Age Ophelia eru aðeins öðruvísi. Þar er meiri áhersla á texta og raddbeitingin er ólík. Ég nota líka mismunandi aðferðir við að semja lögin á plötunni. Oftast hef ég byrjað á hljómaframvindu eða litum þegar ég sem lag. Út frá því koma laglína og texti hægt og rólega saman við.

Hér gerði ég margar ólíkar tilraunir. Í sumum tilfellum byrjaði ég á að semja laglínu, hljómsetti eftir á og setti svo texta við. Sums staðar kom þetta allt á sama tíma. Og í titillagi plötunnar skrifaði ég fyrst textann og hugsaði svo eftir á að hann gæti virkað sem lagatexti."

Samtöl við sögupersónur

„Ég hef alltaf haft gaman af sögum og sæki innblástur í þær. Ég sæki líka í persónur, skáldaðar eða raunverulegar. Síðasta lagið á plötunni, Echo, er innblásið af sögunni af Ekkó og Narkissosi og persónan í Brighter Day er lauslega byggð á Pollýönnu. Þetta eru textaleg og tónlistarleg samtöl við persónur sögunnar en eins og titillinn gefur til kynna eru þau með túlkun frá okkar tíma. Ég er að skrifast og syngjast á við persónur, sem hafa allar talað til mín á einhverjum tímapunkti í lífi mínu.

Það er svo margt sem maður hefur hlustað á og lesið sem hefur bæði bein og óbein áhrif á mann þegar maður er að skrifa og semja. Ég hef líka lengi haft áhuga á mannlegu eðli, hvað talið er eðlilegt á hverjum tíma fyrir sig og hvar mörkin þar á milli liggja."



Anna Sóley er spennt að flytja lögin af plötunni í Hörpu á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Modern Age Ophelia er titillag plötunnar en titillinn kemur aldrei fyrir í laginu. „Í þessu lagi á ég tónlistarlegt og bókmenntalegt samtal við Ófelíu, sem drukknaði, eins og frægt er, í leikritinu Hamlet eftir Shakespeare. Vatnið finnst mér vera táknrænt fyrir tilfinningar, og í sögunni fer hún yfir ákveðin mörk. En ég g vil ekki kafa of djúpt í merkingu textans svo ég taki ekki túlkunina frá hlustendum."

Tónleikar á þriðjudaginn

Platan kom út á streymisveitum í september og hefur hlotið þar góða hlustun. Á þriðjudaginn verða svo útgáfutónleikar í Björtuloftum í Hörpu og segist Anna Sóley vera spennt að flytja lögin fyrir áhorfendur ásamt bróður sínum Mikael Mána Ásmundssyni á gítar, Birgi Steini Theodórssyni á kontrabassa, Magnúsi Trygvasyni Eliassen á trommur, Steingrími Teague á píanó, hljómborð og raddir og Tuma Árnasyni á tenór saxófón.

„Það eru mikil forréttindi að fá að vinna með svona færum tónlistarmönnum. Allir nema Steingrímur spiluðu með mér inn á plötuna og það er einstaklega gaman að fá að flytja tónlistina með þeim aftur á lifandi tónleikum. Ef allt gengur að óskum verður svo hægt að næla sér í plötuna á vínyl.

Það er mjög góð tilfinning að vera búin að senda þessi samtöl frá mér út í heiminn og leyfa þeim þannig að öðlast eigið líf í hugum hlustenda. Ég held að það verði afar notaleg stemning í Björtuloftum á þriðjudaginn. Þá geri ég ráð fyrir að áhorfendur fái tækifæri til þess að hugsa og líta aðeins inn á við," segir Anna Sóley að lokum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið


Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Viltu taka þátt í sögulegri uppbyggingu í Mosfellsbæ?



Við erum að leita að lögfræðingi og verkefnastjóra skipulagsmála til að taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem mun eiga sér stað í sveitarfélaginu á næstu árum.

Undirbúningur stendur nú yfir vegna uppbyggingar íbúðasvæða í Helgafelli og við Hamraborg. Þá er í undirbúningi uppbygging á atvinnusvæðinu í Blikastaðalandi og í kjölfarið mun eiga sér stað vinna við mótun skipulags fyrir 9.000 manna íbúabyggð í landi Blikastaða sem mun byggjast upp í áföngum á næstu árum.

Uppbygging nýrra svæða einkennist annars vegar af tilkomu Borgarlínu og hins vegar umhverfisvænum áherslum, meðal annars á grunni BREEAM-vistvottunarkerfisins.

Við leitum að einstaklingum sem eru tilbúnir að vinna með okkur að stækkun sveitarfélagsins og fylgja verkefnum áfram innan stjórnsýslunnar.

Ef þú vilt taka þátt í þessum spennandi verkefnum, þá hvetjum við þig til þess að sækja um starf lögfræðings eða starf verkefnastjóra skipulagsmála.

Lögfræðingur
Mosfellsbær leitar að kraftmiklum lögfræðingi sem hefur þekkingu og reynslu á sviði stjórnsýslu, skipulags- og umhverfismála. Um er að ræða spennandi starf lögfræðings sem mun einkum starfa með sérfræðingum umhverfissviðs auk samvinnu við aðra starfsmenn sveitarfélagsins og kjörna fulltrúa.

Verkefnastjóri skipulagsmála
Mosfellsbær leitar að öflugum verkefnastjóra skipulagsmála. Um er að ræða spennandi verkefni á sviði deiliskipulags og að undirbúningi áætlana í samvinnu við skipulagsfulltrúa, aðra starfsmenn sveitarfélagsins og kjörna fulltrúa.

Frekari upplýsingar um störfin auk menntunar- og hæfniskrafna er að finna á vinnvinn.is og á vef Mosfellsbæjar, mos.is/storf.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf á íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Sótt er um störfin á vefsíðunni vinnvinn.is. Umsjón með umsóknum og nánari upplýsingar um störfin veita Auður Bjarnadóttir audur@vinnvinn.is, og Margrét Stefánsdóttir, margret@vinnvinn.is.

- Þekking og reynsla af skjalavistunarkerfum, gæðakerfum og gæðastjórnun.
- Þekking og reynsla af stafrænu umbreytingaferli og þróun í gæða-, skjala-og upplýsingamálum.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Ríkir skipulagshæfileikar og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Faglegur metnaður á sviði skjala- og gæðastjórnunar.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og færni til að leiða stefnumótunarvinnu og umbætur.
- Góð samskipta- og samstarfshæfni, jákvætt viðmót og rík þjónustulund.
- Frumkvæði, metnaður og nákvæmni í starfi, áræðni og drifkraftur.
- Vilji til að byggja upp metnaðarfullan og samheldan vinnustað.



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Landakotsskóli er sjálfstætt starfandi grunnskóli fyrir 1. til 10. bekk ásamt deild fimm ára barna auk frístundaheimilis. Landakotsskóli er sjálfseignarstofnun sem lýtur sérstakri stjórn. Við skólann stunda um 360 nemendur nám í tveimur deildum, annars vegar í íslenskri deild og hins vegar í alþjóðlegri deild þar sem námið fer fram á ensku. Um 40 kennarar starfa við skólann auk 30 annarra starfsmanna. Nemenda- og kennarahópur skólans er alþjóðlegur og í skólanum er góður starfsandi og afbragðsgott starfsfólk.



Skólastjóri Landakotsskóla

Landakotsskóli auglýsir starf skólastjóra laust til umsóknar. Leitað er að framsýnum einstaklingi sem hefur metnað fyrir menntun og skólastarfi, brennur fyrir velferð og framförum nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra.

Markmið skólans er að veita nemendum framúrskarandi grunnskólamenntun. Í skólanum er metnaðarfullt nám í kjarnagreinum, öflugt listnám og fjölbreytt tungumálanám.

Skólastjóri veitir faglega forystu á sviði náms og skólaþróunar, sinnir daglegum rekstri, þ.m.t. mannauðsmálum, og tryggir að skólastarf sé í samræmi við lög og reglur. Ber skólastjóra að fylgja aðalnámskrá leik- og grunnskóla, námskrá Cambrigde samtakanna og stefnu skólans sem mótuð er af stjórn. Skólastjóri ber ábyrgð á að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun sem samþykkt er af stjórn.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita faglega forystu og leiða metnaðarfullt skólastarf í samræmi við stefnu skólans, námskrár og gildandi lög og reglur.
- Leiða þróun og skipulag náms og kennslu.
- Stýra daglegri starfsemi skólans, þ.m.t. starfsmannamálum.
- Bera ábyrgð á að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Tryggja gott samstarf við aðila innan og utan skólasamfélagsins, þ.m.t. stjórnsýslu.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari. Farsæl kennslureynsla er kostur.
- Menntun eða starfsreynsla á alþjóðlegum vettvangi er æskileg.
- Reynsla eða þekking af stjórnun, rekstri, áætlanagerð og skólaþróun.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og góð skipulagshæfni.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og færni til að leiða samstarf og samræðu ólíkra einstaklinga.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku. Góð kunnátta í öðru tungumáli er kostur.

Kaup og kjör eru samkvæmt samkomulagi.

Nöfn umsækjenda verða ekki birt opinberlega.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila ásamt greinargerð þar sem m.a. komi fram sjónarmið um hæfni til starfsins. **Umsóknir skal senda inn á alfred.is fyrir 23. janúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfsemi skólans, þ.m.t. starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023, má finna á heimasíða skólans, www.landakotsskoli.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir, ingibjorg@landakotsskoli.is

HH RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS *24.500 kr.**

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is *Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

Við leiðum fólk saman

HAGVANGUR

JOHAN RÖNNING
www.ronning.is



Verkefnastjóri á stórnotendasviði

Johan Rönning óskar eftir að ráða þjónustulundaðan og metnaðarfullan einstakling til starfa á stórnotendasviði Johan Rönning. Stórnotendasvið þjónustar marga af stærri viðskiptavinum félagsins, svo sem veitu- og iðnfyrirtæki með sérhæfðan rafbúnað.

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi í höfuðstöðvum félagsins að Klettagörðum 25 í Reykjavík.

Johan Rönning var stofnað árið 1933 og er hluti af Fagkaup sem meðal annars rekur verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra, Vatn og veitur, S. Guðjónsson og Áltak. Hjá Johan Rönning starfa um 80 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík.

Johan Rönning er með vottað jafnlaunakerfi og hefur skuldbundið sig til að greiða jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Vöruþróun á stórnotendasviði Johan Rönning
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð og ráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar
- Framúrskarandi þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Lausnamiðaður hugsunarháttur
- Reynsla af sölustörfum er kostur

Fríðindi í starfi
- Samgöngustyrkur
- Íþróttastyrkur

Umsóknarfrestur er 20. janúar
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Upplýsingar um starfið veitir Óskar Gústavsson í síma **5 200 800** eða **oskar@ronning.is**.

REYKJAVÍK
Klettagörðum 25
Sími 5 200 800

SELFOSSI
Austurvegi 69
Sími 4 800 600

AKUREYRI
Draupnisgötu 2
Sími 4 600 800

REYÐARFIRÐI
Nesbraut 9
Sími 4 702 020

REYKJANESBÆ
Bolafót 1
Sími 4 207 200

HAFNARFIRÐI
Bæjarhrauni 12
Sími 5 200 800

GRUNDARTANGA
Mýrarholtsvegi 2
Sími 5 200 830

VIÐSKIPTASTJÓRI Á HEILBRIGÐISSVIÐI

icepharma

Icepharma leitar að söludrifnum og metnaðarfullum liðsmanni í spennandi sölu- og markaðsstarf á Heilbrigðissviði

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Markaðssetning og sala á lækningatækjum fyrir skurðstofur og á almennum heilbrigðisvörum
- Myndun viðskiptatengsla og heimsóknir til viðskiptavina
- Þátttaka í verðfyrirspurnum og útboðum
- Samskipti við erlenda birgja
- Fundir og ráðstefnur innanlands og erlendis
- Þátttaka í viðskiptaþróun og greining vaxtartækifæra
- Aðkoma að áætlanagerð og fylgja eftir áætlunum

Hæfnikröfur:
- Menntun á sviði heilbrigðisvísinda, verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi á heilbrigðisvörum er mikill kostur
- Mikill drifkraftur og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum/rafrænum samskiptum
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfð veitir Hjörtur Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðissviðs Icepharma, hjorturg@icepharma.is.
Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2023.
Við hverjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er dótturfélag Ósa hf. og er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna

ósar



TORG

BLAÐAMAÐUR

ÚTGÁFUFÉLAGIÐ TORG EHF. ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA BLAÐAMANN Á RITSTJÓRN FRÉTTABLAÐSINS

Starfssvið:

- Almenn fréttaskrif í blað og á vef
- Úttektir og fréttaskýringar
- Viðtöl í blað og á vef

Hæfniskröfur:

- Góð íslenskukunnátta
- Þekking á uppbyggingu íslensks samfélags
- Geta til að vinna undir álagi og standast tímamörk
- Hugmyndaauðgi og útsjónarsemi við öflun áhugaverðs efnis
- Sveigjanleiki
- Umsækjandi þarf að geta gengið vaktir
- Þarf að geta hafið störf hið fyrsta

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á elisabet@torg.is

Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2023.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hagaskóli. Innréttingar - A álmu,** útboð nr. 15717

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í kynningu

Efnistaka í sjó við Landeyjahöfn

HeidelberCement Pozzolanic Materials hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats á efnistöku í sjó við Landeyjarhöfn.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7 og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn. Matsáætlun er jafnframt aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar **www.skipulag.is.**

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn.Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **8. febrúar 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Útboð



Ásland 4 fyrsti áfangi

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í gatnagerð, fráveitu- og neysluvatnslagnir, ásamt lögnum fyrir hitaveitu, rafveitu og fjarskiptalagnir.

Verklok eru 1. júní 2024 með áfangaskilum 1. desember 2023.

Tilboð verða opnuð 23.01.2023

Nánar á:
hfj.is/utbod

Hafnarfjörður

EFLA

ÚTBOÐ

Arkitekta- og landslagshönnun

EFLA, fyrir hönd Borgarbyggðar óskar eftir tilboðum í arkitekta- og landslagshönnun á um 1400 m² viðbyggingu auk endurbóta á hluta eldra húsnæðis Grunnskólans Kleppjárnsreykjum.

Útboðsgögn fást afhent rafrænt með því að senda tölvupóst á Jóhannes Benediktsson, **johannes.benediktsson@efla.is** frá og með þriðjudeginum 10. janúar 2023.

Tilboð verða opnuð **miðvikudaginn 1. febrúar 2023 kl. 11.00** hjá EFLU.

412 6000 efla.is

EFLA

ÚTBOÐ


Verkfræðihönnun

EFLA, fyrir hönd Borgarbyggðar óskar eftir tilboðum í verkfræðihönnun á um 1400 m² viðbyggingu auk endurbóta á hluta eldra húsnæðis Grunnskólans Kleppjárnsreykjum.

Útboðsgögn fást afhent rafrænt með því að senda tölvupóst á Jóhannes Benediktsson, **johannes.benediktsson@efla.is** frá og með þriðjudeginum 10. janúar 2023.

Tilboð verða opnuð **miðvikudaginn 1. febrúar 2023 kl. 14.00** hjá EFLU.

412 6000 efla.is



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

BÚUM VEL



SÉRHÆFÐ LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA MEÐ ÁHERSLU Á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is





FOOD HALL
REYKJAVÍK

BORGIR
FASTEIGNASALA • SÍMI 588 2030

UPPLYSINGAR / INFO

Ægir Breiðfjörð
aegir@borgir.is S. 896-8030

Victor Levi
S. 868-2222

Móeiður Svala Magnúsdóttir
S. 899-8278

RÝMI TIL LEIGU

Ein glæsilegasta mathöll landsins opnar á næstunni í miðbæ Reykjavíkur. Mathöll Reykjavík er í algjörlega endurnýjuðu húsnæði að Vesturgötu 2. Mathöll Reykjavík mun hýsa 14 staði á tveimur hæðum á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar. Húsið hefur allt verið tekið í gegn og er um 1800 fermetrar og aðstaðan fyrsta flokks. Mikill sjarmi er yfir öllum rýmum og aðstaða gesta björt og falleg. Glæsilegar svalir á efri hæð, ásamt útisvæði til suðurs munu skapa fallega stemningu - ekki síst yfir sumartímann. Við leitum að áhugasömum aðilum sem hafa áhuga á taka þátt í að skapa skemmtilega og góða matarupplifun í hjarta gömlu og góðu Reykjavíkur. Við bjóðum góð kjör og fjármögnun fyrir þá sem vilja. Hér er mjög gott tækifæri fyrir þá sem hafa dreymt um að opna veitingaresktur því hér er ALLT INNIFALIÐ sem þarf til veitingareksturs. Þetta er eitthvað sem vert er að skoða!

BOOTHS FOR RENT

One of Iceland's most prestigious food halls opens soon in the center of Reykjavík. Mathöll Reykjavík is a completely renovated building on Vesturgata 2. Mathöll Reykjavík will house 14 restaurants on two floors in this amazing building situated in the heart of the city. The complete building which is approximately 1800m² has been revamped to a high standard. It has plenty of charm and the guest facilities are bright and beautiful. Spectacular balconies on the top floor and an outdoor area gives access to breathtaking southerly views of Iceland which can only add to the atmosphere and guest experience. We are looking for interested parties who would like to join us in our venture to bring together a fun fresh food experience in the center of good old Reykjavík. We offer great terms and investment opportunities for those who are interested. This is a fantastic opportunity for those who have dreamt of opening a restaurant because this is an all-inclusive package. This is something that definitely deserves to be considered.



Sund fyrir alla

Sundlaugarnar í Kópavogi bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu með vatnsrennibrautum, gufu, heitum og köldum pottum.
Frítt fyrir yngri en 18 ára og 67 ára og eldri.

Opið
virka daga 6:30–22:00,
laugardaga og sunnudaga
8:00–18:00

Sundlaug Kópavogs
Borgarholtsbraut 17

Salalaug
Versölum 3

Sundlaugar Kópavogs

kopavogur.is



Albert Eiríksson matarbloggari og lífskúnstner með meiru hefur þróað og prófað lífsstílsnámskeið sem ber heitið Borðum og lifum betur. MYND/AÐSEND

Albert kennir fólki að borða og lifa betur

sjofn@frettabladid.is

Albert Eiríksson er þekktur fyrir að vera mikill matgæðingur og halda úti heimasíðu þar sem er að finna margar sælkerauppskriftir. Það er því afar spennandi að fræðast nánar um námskeið hans um hvernig borða má betur og huga um leið að alhliða heilsu og aukinni vellíðan.

Albert hefur þróað og prófað námskeið sem hann kallar Borðum og lifum betur. Námskeiðið stendur í fjórar vikur og næsta námskeið hefst 9. janúar. „Í mörg ár hef ég notið handleiðslu Elísabetar Reynisdóttur næringarfræðings og lært fjölmargt af henni. Við byrjuðum saman með námskeið og nú stend ég einn og óstuddur. Það var gaman að upplifa hve margt breyttist hjá fólki við það eitt að taka hressilega til í mataræðinu, en ég fann að fólk vildi meira," segir Albert og bætir við að hann hafi tekið það besta úr námskeiði sínu og Betu og bætt það á ýmsan hátt. Núna séu ýmis heimaverkefni sem fólk glími við og leysi sem eru viðbót.

Fá matseðil fyrir hvern dag

Albert hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um mat og áhrif hans á líkamann. Í haust voru haldin nokkur prufunámskeið með góðum árangri. „Þátttakendur fá matseðil fyrir hvern dag allar fjórar vikurnar. Það er stuðningshópur á netinu og vikulega eru netfundir. Þar segjum við frá hvernig gengur, hvernig okkur líður, hvað er fram undan og annað sem nýtist," segir Albert.

Er hér komið enn eitt megrunarnámskeiðið?

„Nei, nei, þetta er ekki megrunarnámskeið og það er tekið skýrt fram. Fólk getur lifað góðu lífi með nokkur aukakíló og ef við erum sátt í eigin skinni með kílóin þá er það fínt. Það hefur hins vegar gerst að þátttakendur hafa misst mörg kíló – lítum á það sem auka glaðning. Við erum hvorki að svelta okkur, drekka marga lítra af vatni á dag, gúffa í okkur fæðubótarefnum með látum né hafa þetta leiðinlegt. Á námskeiðinu er snæddur heiðarlegur, góður matur, engin framandi hráefni eða annað sem fólk ekki þekkir."

Betri nætursvefn, minni bólgur

Aðspurður segir Albert að meðal þess sem þátttakendur hafa nefnt að hafa fundið fyrir eftir þátttökuna á námskeiðinu er betri nætursvefn, minni bólgur, það sé léttara yfir fólki, minna bakflæði, meiri orka, aukin lífsgæði og lægri blóðþrýstingur. „Það er nú kunnara en frá þurfi að segja að matur er fyrir öllu. Hins vegar getur verið snúið að finna út hvað fer vel í okkur og hvað fer síður vel í okkur. Gott er að hafa í huga: Að stórum hluta erum við ábyrg fyrir eigin heilsu og muna að það er aldrei of seint að byrja," segir Albert að lokum. ■

Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á heimasíðu hans: alberteldar.is



Ljúffeng lítil sítrónubaka

Gunnlaugur Arnar Ingason, bakari og „pastrychef", alltaf kallaður Gulli Arnar, hefur unnið hug og hjörtu sælkera landsins með sínum guðdómlegu og fallegu eftirréttum. Gulli var önnum kafinn í bakaríinu um hátíðirnar.

sjofn@frettabladid.is

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á bakstri og eldamennsku yfir höfuð. Bakstur er mín helsta ástríða. Ég á það til að kaffæra mína nánustu í umræðum um bakaríið. Ég elska að standa í bakaríinu og hitta mína tryggu viðskiptavini."

Þótt áramótin séu liðin er um að gera að gleðja bragðlaukana, til dæmis í matarboðum á nýju ári. Gulli segir að smáréttir séu það vinsælasta í dag. „Franskar makkarónur og eftirréttasmábitar passa einstaklega vel með freyðivíni til að skála með góðum vinum. Sörur eru ávallt ómissandi svo mæli ég alltaf með einhverju fersku og einföldu eins og berjum og ís."

Gulli gefur hér uppskrift að sínum uppáhaldseftirrétti þessa dagana sem á alltaf vel við.



Gulli Arnar hefur mikla ástríðu fyrir starfi sínu og töfrar fram dýrðlega smárétti og eftirrétti alla daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lemon tart

Tart-botn

200 g sykur
400 g smjör
30 g eggjarauður
50 g egg
600 g hveiti

Blandið saman sykri og smjöri. Bætið eggjum við. Setjið hveiti saman við og hnoðið saman. Gott er að kæla deigið áður en það er flatt út í tart-form. Bakið við 180°C í 10-12 mínútur eða þar til það er gullinbrúnt.

Lemoncurd

4 g matarlím
300 g egg
210 g sítrónusafi
240 g sykur
60 g smjör



Svona lítur eftirrétturinn hans Gulla Arnar út og er uppáhalds.

Leggið matarlím í bleyti. Hrærið saman eggjum og sykri. Hitið sítrónusafa og hellið í mjórri bunu yfir eggjablönduna meðan hrært er. Setjið blönduna aftur í pottinn og hitið við mjög vægan hita meðan hrært er upp í sirka 85°C. Hrærið matarlím út í kremið. Hellið sítrónukreminu í tart-skelina og kælið, til dæmis yfir nótt.

Ítalskur marengs

100 g vatn
400 g sykur
200 g eggjahvítur

Þeytið eggjahvítur. Sjóðið sykur og vatn saman í síróp í sirka 120°C. Hellið sírópinu í mjórri bunu út í eggjahvíturnar meðan þeytt er. Stífþeytið og smyrjið marengsinum yfir kremið. ■

Kjúklingasúpa sem yljar

sjofn@frettabladid.is

Þegar vetrarlegt er úti og snjórinn fegrar umhverfið er yndislegur tími til að laga ljúffenga súpu sem yljar og kitlar bragðlaukana. Þessi súpa er ein af þeim sem alltaf hitta í mark og mun töfra matargestina upp úr skónum.

Hægt er að sleppa kjúklingnum og öllum dýraafurðum og gera hana vegan. Allt hráefnið í þennan rétt fæst í Bónus.

Dýrðleg kjúklingasúpa
fyrir 6

800 g kjúklingalundir eða
4 kjúklingabringur
Krydd lífsins frá Pottagöldrum, kryddið eftir smekk
Ólífuolía til steikingar

Hitið pönnu á hellu á aðeins meira en miðlungshita og setjið ólífuolíu á.

Kjúklingalundir/bringur eru skornar í bita, snöggsteiktar með Kryddi lífsins og pipar. Kjúklingabitarnir eru settir til hliðar meðan súpan er löguð.

1 púrrulaukur
2 vorlaukar
2 grænar paprikur
2 rauðar paprikur
1 appelsínugul paprika
6 hvítlauksrif
Ólífuolía til steikingar

Byrjið á því að setja pott á hellu stillta á miðlungs hita. Allt grænmetið er saxað og brytjað smátt, sett í pott og látið krauma í ólífuolíunni nokkrar mínútur eða þar til grænmetið verður mjúkt.

Bætið eftirfarandi hráefni út í pottinn með grænmetinu:

400 g rjómaostur
2 stórir grænmetis-súputeningar (leysið upp í soðnu vatni, setjið örlítið vatn í lítið mál)
2 stórir kjúklinga-súputeningar (leysið upp í soðnu vatni, setjið örlítið vatn í lítið mál)
1 peli rjómi eða matreiðslurjómi
1,4 l vatn
4 dl kókosmjólk
1 flaska Heinz-chillisósa í litlu glerflöskunni
2 tsk. karrí
2 tsk. paprikuduft
Krydd lífsins, salt og grófur pipar



Kjúklingasúpa sem kitlar bragðlaukana á köldum vetrarkvöldum.

eftir smekk
1 dós/krukka niðursoðnir tómatar

Þegar allt hráefni er komið út í pottinn er hrært reglulega í pottinum á miðlungs heitri hellu þar til suðan kemur upp. Léttsteiktu kjúklingabitarnir settir út í þegar suðan er komin upp og látnir malla í dágóða stund.

Ljúft er að framreiða kjúklingasúpuna með ítölsku, heimabökuðu súrdeigsbrauði, svörtu Doritos-snakki, rifnum osti, söxuðu kóríander og sýrðum rjóma. Þetta er ómótstæðilega ljúffengt saman. Njótið og verði ykkur að góðu. ■

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast



MITSUBISHI OUTLANDER 2008-2010 OG JEEP CHEROKEE 2008-2012
Mitsubishi Outlander 2008-2010 og Jeep Cherokee 2008-2012 óskast til kaups. S: 8699766.

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR
Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

DYRASÍMAR WIFI-NET
SJÓNVARP Uppsetning - viðhald
Rafeindameistarinn ehf 777-4944

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105.
Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur.
Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska III:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska IV:
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska V:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

Við bjóðum einnig upp á einkatíma og stuðningstíma fyrir nemendur á menntaskólastigi.



Námskeiðin okkar byrja mánudaginn 9. janúar og þriðjudaginn 10. janúar og þeim lýkur svo fimmtudaginn 2. febrúar.

Verð á mann er 37.500 krónur.

Upplýsingar í síma 790 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?






Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is



viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ísh úsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

HEILBRIGT LOFT
HEILBRIGÐ HEIMILI



LOFTRÆSTIKERFI MEÐ VARMAENDUVINNSLU

-BETRI LOFTGÆÐI
-RÉTT RAKASTIG
-MINNA RYK
-FÆRRI ÖRVERUR
-MINNA ORKUTAP

ER ÞÍN ÍBÚÐ EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ GÓÐU LOFTRÆSTIKERFI?

ÍSHÚSIÐ viftur.is
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

HH RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS *24.500 kr.**

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt
- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt
- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun
- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is


AVATAR
THE WAY OF WATER
KOMIN Í BÍÓ
GOLDEN GLOBE AWARDS
NOMINEE
BEST MOTION PICTURE
JAMES CAMERON, p.g.a. • JON LANDAU, p.g.a.
BEST DIRECTOR MOTION PICTURE
JAMES CAMERON
LIGHTSTORM



Þetta er allt sem ég var búin að óska mér



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Fyrsta kvikmynd leikstjórans Elsu Maríu Jakobsdóttur í fullri lengd er nú sýnd í kvikmyndahúsum. Myndin fjallar á gamansaman hátt um leyndarmál og vináttu. Elsa ræðir myndina og lífið.

Ég er mjög spennt en mér líður líka bara vel með myndina og ég er mjög ánægð með hana," segir leikstjórinn og handritshöfundurinn Elsa María Jakobsdóttir um kvikmynd sína Villibráð.

Myndin er fyrsta mynd Elsu í fullri lengd en Villibráð var frumsýnd í gær. „Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt ferli og ég er með hálfgert samviskubit yfir því að enginn hafi þjáðst við gerð þessarar myndar," segir Elsa glettin.

„Ég var búin að vera svona tvö ár á undan, eftir að ég kláraði danska kvikmyndaskólann, að púsla saman og koma að nokkrum verkefnum sem einhvern veginn röknuðu öll upp og urðu að engu. Það voru mjög frústrerandi ferlar og prósessar og þess vegna er allt við þetta alveg frá byrjun svo þægilegt, allt hefur gengið svo vel," segir Elsa.

Villibráð fjallar á gamansaman hátt um sjö vini sem hittast í matarboði í Vesturbænum. Í boðinu ákveða þau að fara í leik. Hann felst í því að allir setja símana sína á borðið og öll fallast þau á að öllum símtölum og skilaboðum sem berast verði deilt með samkomunni. Tilgangurinn er að sanna að ekkert þeirra hafi nokkuð að fela, en sú er kannski ekki raunin.

Villibráð er endurgerð af ítalskri kvikmynd sem hefur verið endurgerð í fjölmörgum löndum á fjölmörgum tungumálum svo sem á Spáni, í Tyrklandi, Frakklandi, Indlandi og Kína.

„Þórir Snær, sambýlismaður minn, og dreifingarfyrirtækið hans var með réttinn á þessari mynd og hann var búinn að vera að máta þetta við aðra leikstjóra og spurði mig svo hvort ég hefði áhuga. Í fyrstu hafði ég það ekki og fannst það ekki vera fyrir mig að endurgera ítalska bíómynd," segir Elsa.

„Ég var að vinna að orginal efni og var algjörlega með hugann við það en svo vorum við að ræða þetta og hann gaf mér 24 tíma til að svara sér," segir Elsa,

> Ég tók alveg þátt í þessu en var alltaf brjálæðislega hrædd við að verða ólétt. Ég var svo hrædd um að ef það myndi gerast þá kæmist ég aldrei frá Húsavík.

„Ég var búin að vera smá súr við hann fyrst, hvort hann ætlaði ekki að bjóða mér þetta, og eiginlega bara til að geta sagt nei við hann en svo þegar ég fór raunverulega að hugsa þetta þá fannst mér þetta góð hugmynd," segir Elsa en sambýlismaður hennar er Þórir Snær Sigurjónsson einn eigandi og stofnandi framleiðslufyrirtækisins Zik Zak, kvikmynda og framkvæmdastjóri dreifingar- og framleiðslufyrirtækisins Scanbox.

Hrædd við að verða ólétt

Elsa og Þórir kynntust á 27 ára afmælisdegi Elsu fyrir tæpum fjórtán árum og eiga nú saman tvær dætur. „Við kynntumst bara uppi á hátalaraboxi á Ellefunni, mjög beisik," segir Elsa og hlær. „Við höfum meira og minna verið saman síðan. Vorum í fjarsambandi fyrstu árin en hann bjó í Danmörku þegar við kynntumst og svo flyt ég til hans þangað. Núna búum við bæði hér og í Danmörku, erum með heimili í Vesturbænum og í Kaupmannahöfn og eigum tvær stelpur svo þetta hefur tekið miklum breytingum."

Dætur Elsu og Þóris eru níu mánaða og þriggja ára. Hún segist ánægð með að hafa eignast börn með stuttu millibili en að hún hafi ekki alltaf séð það fyrir sér.


„Ég ólst að mestu upp á Húsavík en flutti svo til Reykjavíkur á menntaskólaaldri, fer með æskuástinni hingað og byrja í MH," segir Elsa. „Þegar ég var sextán ára voru alveg nokkrar bekkjarsystur mínar á Húsavík komnar með börn, það var algengt að trúlofa sig á þeim aldri og það voru margir snemma í mörgu," segir hún.

„Ég tók alveg þátt í þessu en var alltaf brjálæðislega hrædd við að verða ólétt. Ég var svo hrædd um að ef það myndi gerast kæmist ég aldrei frá Húsavík, þyrfti bara að halda áfram að vinna í Essó-sjoppunni og flippa börgerum," segir Elsa.

„Það er ekki fyrr en eftir þrítugt að ég fer einhvern veginn að opna á

Elsa María stundaði nám í leikstjórn í Danska kvikmyndaskólanum. Hún var fyrst íslenskra kvenna til að komast inn í skólann.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Afburðagóður hópur leikara fer með hlutverk í Villibráð og segir Elsa það hafa verið afar ánægjulegt að vinna með slíkum fagmönnum.

MYND/AÐSEND

„Í þessu námi er maður alltaf í framleiðslu. Það liggur við að maður sé á setti í hverjum mánuði að gera eitthvað og maður þarf sjálfur að huga að öllum þáttum. En fyrir kvikmyndaleikstjóra getur liðið mjög langur tími á milli þess sem maður er á setti, það geta hæglega liðið fimm til sex ár á milli," segir Elsa.

„Þegar það líður svona langur tími á milli kólnar maður auðvitað og þarf að hita sig aðeins upp. Þegar ég kom á settið í Villibráð hafði ég ekki verið á setti síðan ég kláraði skólann en núna er ég þar í hverri viku eða oft í viku," segir Elsa sem einnig er við tökur á þáttaröðinni Aftureldingu sem sýnd verður á RÚV um páskana en Elsa leikstýrir tveimur þáttum í seríunni.

Eftir að Elsa kláraði skólann eignaðist hún dætur sínar tvær. „Það er svo skrítið hvernig allt gerist á sama tíma, ég kláraði skólann og svo bara koma börnin og allt í einu fer allt af stað í vinnunni, eitthvert hjól sem maður er búinn að vera að reyna að setja í gang fer allt í einu að snúast. Þá verður maður að reyna að anda inn í það, þetta er allt sem ég var búin að óska mér og maður verður að muna að njóta þess."

Spaugstofan

Þegar Elsa flutti frá Húsavík hóf hún nám við Menntaskólann við Hamrahlíð, með skólanum vann hún á RÚV þar sem hún var meðal annars aðstoðarkona í Spaugstofunni. „Á Húsavík þekkti ég engan sem vann við sjónvarp eða kvikmyndagerð og það var ekkert svoleiðis í gangi þar. Þess vegna fannst mér enn þá geggjaðra að vinna í Spaugstofunni. Þetta var stærsti þáttur á Íslandi og besta vinna sem ég gat látið mér detta í hug," segir hún.

„Ég græddi ótrúlega reynslu á vinnunni í Spaugstofunni, það var klikkað að vera þarna. Í hverri viku fékk ég að fylgjast með ferlinu frá handriti í útsendingu, að sjá það gerast á einni viku sem við erum búin að gera á þremur árum í Villibráð," segir Elsa.

Í kjölfar vinnunnar í Spaugstofunni vann Elsa að hinum ýmsu verkefnum hjá RÚV. „Ég vann bak við tjöldin í alls konar prógrömmum og fékk svo tækifæri til að vera skrifta í Kastljósi og stundum fékk ég líka að vera á skjánum. Mér fannst þetta svo gaman að mig langaði aldrei heim til mín. Ég var þarna í tíu, tólf tíma á dag og vildi hvergi annars staðar vera, nema kannski á djamminu," segir hún og hlær.

Það kom svo að því að Elsa þurfti að hætta á RÚV og segir hún það í rauninni hafa verið gæfuspor þrátt fyrir að hún hafi ekki áttað sig á því þegar það gerðist. „Þegar ég var svona 28–29 ára var einhver niðurskurður á RÚV og ég var kölluð inn á skrifstofu. Ég vissi alveg hvað var að fara að gerast en ég grét svo mikið að það komst enginn annar að, ég missti mig alveg," segir Elsa.

„Þetta var eflaust mjög erfitt fyrir Þórhall sem var að reyna að reka mig," segir Elsa og vísar til Þórhalls Gunnarssonar sem þá var ritstjóri Kastljóss. „En ég náði að róa mig og hann gat látið mig fara. Ég var búin að vera þarna svo lengi og ég elskaði þetta svo mikið að ég hugsaði ekkert út í það að hafa einhver önnur plön, ég hefði aldrei hætt af sjálfsdáðum en það var bara gott að ég var látin fara og gat hugsað minn gang," segir hún.

Eftir að Elsa hætti hjá RÚV kláraði hún BA-gráðu í félagsfræði við Háskóla Íslands ásamt því að vinna við ýmis kvikmyndaverkefni. „Ég fékk að vera á hliðarlínunni í alls konar verkefnum og þarna náði ég að telja í mig kjark til að gera leikið efni sjálf og áttaði mig á því að þetta væri það sem ég vildi gera."

Villibráð

Elsa skrifaði handritið að Villibráð ásamt leikskáldinu Tyrfingi Tyrfingssyni. Þau kynntust í MH og segir Elsa hann með skemmtilegustu mönnum sem hún þekki.

„Við Tyrfingur höfðum oft talað um það að vinna saman og þegar ég ber þetta undir hann þá æsum við hvort annað upp. Við fengum algjörlega frjálsar hendur í þessu, það eina sem við höfðum sem grunn var þessi leikur með símana og við unnum með hann. Að mörgu leyti var gott að hafa þessa fyrirfram-gefnu grunnhugmynd til að vinna út frá," segir hún. „Hann er einn skemmtilegasti maður sem ég þekki og það er búið að vera brjálæðislega skemmtilegt að vinna þetta með honum."

Tyrfingur og Elsa skrifuðu handritið í Covid-faraldrinum, þau bjuggu hvort í sínu landinu og notuðust við Zoom. „Við hittumst aldrei á meðan við skrifuðum þetta, hann var í Amsterdam og ég í Kaupmannahöfn. Við notuðum bara Zoom-ið. Þar slúðruðum við og rifjuðum upp alls konar sögur af fólki sem við þekktum og fólki sem við höfðum þekkt og úr varð þetta handrit," segir Elsa.

„Ég held að margir geti séð eitthvað í karakterunum í myndinni sem minnir þá á sjálfa sig. Við höfum öll verið í þessu matarboði að einhverju leyti, kannski ekki í þessu húsi eða í þessum símaleik, en flest erum við í einhverjum svona hópi sem er aðeins farinn að gliðna í sundur. Kannski fólk sem við vorum með í menntaskóla fyrir 20 árum og erum í mismiklu sambandi við, höldum kannski að við þekkjumst betur en við gerum," segir hún.

Elsa segist vongóð um að áhorfendur Villibráðar muni hafa gaman af myndinni, hún sé hressandi og geti talað til margra. „Það er margt áríðandi og „relevant" í myndinni en því er pakkað inn í húmor, meira að segja frekar svartan húmor," segir hún.

„Svo getum við flest tengt við þennan símaleik. Við notum símana auðvitað til þess að sýna okkar bestu hlið og það hvernig við viljum koma fyrir en svo notum við þá líka til að vera versta útgáfan af sjálfum okkur, útgáfan sem enginn má sjá. Svo þegar síminn er kominn á borðið þá erum við mjög berskjölduð og hrá en líka sönn," segir Elsa.

„Leyndarmálin í símanum þurfa nefnilega ekki að vera einhver rosaleg leyndarmál heldur er mikið um hversdagslegan óheiðarleika. Innan vinahópa, fjölskyldna eða vinnustaða eru oft Messenger-þræðir sem þola ekki dagsins ljós og ég held að það sé enginn of fínn fyrir það að hafa verið á einhverjum þræði sem þolir ekki dagsins ljós," segir hún.

Fóruð þið einhvern tímann í þennan leik meðan á vinnslu myndarinnar stóð?

„Nei, við fórum ekki í leikinn en við vorum stundum að djóka með að lesa upp síðustu skilaboðin sem við fengum eða eitthvað svoleiðis. En við vorum öll mjög fegin að það væri enginn að skoða símana hjá okkur." ■

> Það er margt áríðandi og „relevant" í myndinni en því er pakkað inn í húmor, meira að segja frekar svartan húmor.

> Hann er einn skemmtilegasti maður sem ég þekki og það er búið að vera brjálæðislega skemmtilegt að vinna þetta með honum.

það. Ég var svo mikið að skilgreina mig frá einhverju að ég gleymdi bara að skoða það. Hugsa um að það væri einhver klukka í þessum málum og það væri ekki endilega hlaupið að því að eignast börn," segir Elsa. „Svo lá mér líka svo á að klára þetta nám sem ég var í," bætir hún við. En Elsa stundaði nám við Danska kvikmyndaskólann og var fyrst íslenskra kvenna til að stunda nám við skólann.

„Þetta var mjög langt og flókið inntökuferli og svo var tíminn í þessum skóla alveg kreisí, ég er eiginlega bara enn þá að vinna í því sem gerðist þarna. Maður lærði og upplifði svo margt," segir hún.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Steingrímur Steingrímsson

Kópavogstúni 9, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, mánudaginn 2. janúar. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hrund Káradóttir
Fjóla Steingrímsdóttir **Sigurjón Lúthersson**
Rakel Steingrímsdóttir **Jón Bersi Ellingsen**
Kári Steingrímsson **Ingibjörg Helga Þórhallsdóttir**
Hrund Steingrímsdóttir **Jón Ásgeir Gestsson**
og barnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Ó. Gunnarsdóttir

lést 31. desember.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 13. janúar kl. 13. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólteigs, Hrafnistu.

Magnús Eysteinn Halldórsson
Steiney B. Halldórsdóttir **Sigurður Sigurðsson**
Unnur R. Halldórsdóttir **Ásmundur H. Sturluson**
Garðar R. Halldórsson
Halldór Ö. Halldórsson **Brynhildur Skúladóttir**
og ömmubörnin

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason S: 793 4455

Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



Stjórnarliðar, starfsfólk og sjálfboðaliðar Nýló samankomnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýló fagnar afmæli og nýju ári

Nýju ári og fjörutíu og fimm ára afmæli Nýlistasafnsins verður fagnað á safninu í kvöld.

arnartomas@frettabladid.is

Nýlistasafnið, stundum kallað Nýló, fagnar 45 ára afmæli um þessar mundir og verður tímamótunum fagnað með heljarinnar afmælis- og nýárspartíi í kvöld.

„Stemningin er ofsalega góð," segir Sunna Ástþórsdóttir safnstjóri sem var í óðaönn að gera og græja þegar Fréttablaðið náði af henni tali. „Okkur þykir rosalega gaman að geta komið saman til að fagna þessum tímamótum, lifandi Nýló í 45 ár og að sama skapi fagna ókomnum ævintýrum."

Partídagskráin er ekki af verri endanum en þar verður meðal annars boðið upp á lifandi tónlist, teiknimiðlun, ginbar, lukkuhjól og margt annað.

„Þetta er orðið að hálfgerðri hefð hjá okkur, að halda afmælispartí í janúar, en hefur auðvitað verið erfitt út af svolitlu ástandi í samfélaginu nýlega," útskýrir Sunna. „Það má þess vegna segja að við séum einstaklega spennt fyrir fögnuðinum í ár."

Hreyfiafl í sögu samtímalistar

Nýlistasafnið var opnað í janúar 1978 þar sem hópur listafólks kom saman og lagði drög að stofnun nýs safns sem tileinkað var samtímalist.

„Það má segja að safnið hafi verið stofnað sem hálfgert viðbragð við vöntun eða eyðu sem var þá að myndast í íslenskri listasögu," segir Sunna. „Opinberu söfnin á þeim tíma sýndu samtímanum litla athygli."

Upphaflega var Nýlistasafnið í bakhúsi við Vatnsstíg 3b en flutti eftir það á milli húsnæðis oftar en einu sinni áður en það flutti í núverandi húsakynni sín í Marshallhúsinu. Það var upphaflega stofnað sem safn en stuttu síðar var fyrsti sýningarsalurinn opnaður og síðan þá hefur verið frjó sýningardagskrá í safninu þar sem hundruð listamanna hafa sýnt verk sín og hundruð sýninga verið haldin.



Opnun fyrstu sýningar safnsins við Vatnsstíg 3b, Vídd á pappír, árið 1980. MYND/AÐSEND

„Nýlistasafnið hefur verið mikið hreyfiafl í íslenskri samtímalist," segir Sunna sem hefur verið formaður stjórnar síðan árið 2021. „Safnið er einstakt að svo mörgu leyti. Nýló er eitt elsta safn og sýningarrými í Evrópu sem er í umsjón listamanna. Nú er safnið orðið miðaldra, en með hverri nýrri stjórn úr röðum félagsmanna tekur safnið nýja stefnu, og þannig er safnið síbreytilegt.

Nýló er styrkt árlega af ríki og borg en það má ekki gleyma sjálfboðavinnu stjórnarliða, félaga safnsins og þeim fjölda listamanna sem tengjast safninu. Án þeirra myndi þetta ekki ganga."

Spennandi sýningarár

Sunna segist afskaplega spennt fyrir listaárinu 2023 í Nýlistasafninu.

„Við erum að vinna að spennandi og krefjandi verkefnum í safneign og sýningardagskráin fram undan er fjölbreytt, segir hún. „Fyrsta sýning ársins verður opnuð 26. janúar og útleggst á íslensku sem „Brot af annars konar þekkingu". Það er samsýning erlendra og innlendra listamanna, unnin í samstarfi við Meet Factory í Prag og List án landamæra hér heima, og þar er leitast við að ögra viðteknum þekkingarkerfum nútímans.

Þar á eftir tekur við einkasýning Amanda Riffo en hún vinnur gjarnan með ýmiss konar tilraunir sem innblásnar eru af sjónrænum menningarheimi okkar, ljósfræði og alls kyns miskilningi."

Þá mun safnið meðal annars hýsa útskriftarsýningu meistaranema úr Listaháskólanum, gjörningaveislu og Sequences-myndlistarhátíðina í ár.

„Það er fjölbreytt sýningarár framundan, fullt af lifandi viðburðum og áframhaldandi verkefnum í safneign," segir Sunna að lokum.

Herlegheitin á safninu í kvöld hefjast klukkan 20 og er hægt að kynna sér dagskrána frekar á Facebook-síðu safnsins. ■



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sverrir Skarphéðinsson

Árskógum 1B,

sem lést á Landakoti 21. desember, verður jarðsunginn frá Seljakirkju þriðjudaginn 10. janúar kl. 13.

Hólmfríður Þórhallsdóttir
Örn Steinar Sverrisson
Þórhallur Sverrisson **Jóhanna Lind Jónsdóttir**
Svanhildur Sverrisdóttir **Dieudonné Gerritsen**
afa- og langafabörn



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Vala Jakobsdóttir

Eiðistorgi 5,

sem lést 1. janúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 11. janúar kl. 15.00.

Vala Jóhannsdóttir **Magnús Nielsson**
Hrefna Björk Jóhannsdóttir **Kolbeinn Kolbeinsson**
Heiðveig Jóhannsdóttir **Guðmundur H. Finnbjarnarson**
Atli Karl Pálsson **Sólborg Þórðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn

Þetta gerðist 8. janúar 1935

Kóngurinn fæddur



Elvis Aaron Presley fæddist þann 8. janúar 1935 í tveggja herbergja smáhýsi í bænum Tupelo í Mississippi. Eineggja tvíburi hans, Jesse Garon Presley, lést í fæðingu.

Þegar hann var þrettán ára flutti fjölskylda hans til Memphis þar sem Elvis kynntist gospeltónlist í kirkjuferðum með móður sinni.

Árið 1954 tók Elvis upp sína fyrstu plötu sem fékk mikla athygli. Ári síðar kynntist hann umboðsmanni sínum, ofurstanum Tom Parker, sem átti eftir að fylgja Elvis næstu áratugi. Fyrsti smellur hans til að ná fyrsta sæti vinsældalistans var Heartbreak Hotel árið 1956 og stuttu síðar fékk hann sinn fyrsta kvikmyndasamning í Love Me Tender.

Frægðarsól Elvis skein skært snemma á sjöunda áratugnum og gaf hann út hverja metsöluplötuna á fætur annarri auk þess sem hann var áberandi á hvíta tjaldinu, þótt kvikmyndir hans fengju misgóðar viðtökur.

Einkalíf hans var þó ekki jafn glæst og skildi hann við konu sína Priscillu árið 1973. Á sama tíma hafði Elvis orðið háður fíkniefnum og þróaði með sér ýmsa heilsukvilla. Síðustu tónleikar hans fóru fram í júní í Indiana 1977. Þann 16. ágúst lést Elvis þegar hjarta hans gaf sig vegna lyfjaofnotkunar. Í dag er áætlað að meira en milljarður platna kóngsins hafi selst á heimsvísu. ■



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og amma,

Vigdís Elísabet Reynisdóttir

Ellý


Miðnestorgi 3, Sandgerði,

lést á líknardeildinni í Kópavogi sunnudaginn 1. janúar. Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju, fimmtudaginn 12. janúar klukkan 14.

Hallgrímur Einarsson

Einar Ö. Hallgrímsson
Fjóla H. Guðmundsdóttir
Tinna S. Hallgrímsdóttir
Sigurpáll Árnason
Reynir Brynjólfsson

og barnabörn



†


Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir, fósturson og tengdasonur,

Jens Magnús Magnússon

húsasmíðameistari, Boðagranda 10, Reykjavík,

lést mánudaginn 26. desember. Útför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 13. janúar klukkan 13.

Sigurlína Gunnarsdóttir
Magnús Haukur Jensson
Gunnar Orri Jensson
Róbert S. Magnússon
Berglind Guðmundsdóttir
Birna Guðmundsdóttir
Sigurjón Birgisson
Bjarni Guðmundsson
Guðlaug Lýðsdóttir
Guðmundur Haukur Gunnarsson
Gunnar J. Jónsson
Gróa S. Guðjónsdóttir



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jens Christian Sörensen

Háaleitisbraut 41, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 28. desember sl. Útför hans verður gerð frá Garðakirkju á Álftanesi miðvikudaginn 11. janúar kl. 13.

Heimir Örn Jensson
Guðrún Friðriksdóttir
Gottskálk Jensson
Annette Lassen
Árni Már Jensson

barnabörn og barnabarnabörn



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurgeir Jens Jóhannsson

frá Ljósalandi í Lýtingsstaðahreppi, áður til heimilis að Kórsölum 5, Kópavogi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi, miðvikudaginn 4. janúar. Útför fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 10. janúar klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Hollvinasamtaka Brákarhlíðar (brakarhlid.is/minningarsjodur). Hlekk á streymi má nálgast á mbl.is/andlát.

Jóhann Hlynur Sigurgeirsson
Sigurður Örn Sigurgeirsson
Sigríður Kolbrún Sigurbjörnsdóttir
Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson
Kristín Kristjánsdóttir
Gauti Sigurgeirsson
Kristín Dögg Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn



†

Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Kristín Friðbjarnardóttir

Ljósheimum 18, Reykjavík,

lést á nýársdagsmorgun á líknardeild Landakots. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Grétar Björnsson

Björn Grétarsson
Jacalyn Fia Grétarsson
Ingibjörg Grétarsdóttir
Hrafn Grétarsson

og fjölskyldur



†

Ástkær faðir okkar, afi og bróðir,

Gunnar Árnason

myndhöggvari,

lést þann 15. desember sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 16. janúar og hefst kl. 13. Athöfninni verður streymt á vef Grafarvogskirkju: www.grafarvogskirkja.is

Margrét Gunnarsdóttir
Brynja Sigríður Gunnarsdóttir
Embla Steinvör Stefánsdóttir
Gissur, Halldór, Þórhallur, Anna Guðný og Rannveig Árnabörn



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Auður Marinósdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, föstudaginn 30. desember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 10. janúar kl. 13.00.

Ægir Ferdinandsson

Þór Ægisson
Hafdís Kristinsdóttir
Snorri Ægisson
Sif Ægisdóttir
Helgi Skj. Friðjónsson
Guðrún Ægisdóttir
Valdimar H. Steffensen

barnabörn og barnabarnbörn



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar L. Nielsen

vélfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund á aðfangadag. Útför fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 12. janúar klukkan 13.

Svanhildur Jóhannesdóttir

Guðni Páll Nielsen
Anna Svava Þórðardóttir
Einar Leif Nielsen
Guðrún Jóna Jónsdóttir
Ingunn Halldóra Nielsen
Bjarni Björnsson
Vilborg Nielsen
Claus Frost
Kristín Nielsen
Hjörleifur B. Kvaran
Bjarni Jóhannesson
Hulda Gísladóttir

barnabörn og barnabarnabörn



†

Elskulegur maður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Bjarni Gylfason

Dalbraut 49, Akranesi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, fimmtudaginn 29. desember. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 12. janúar kl. 13.

Marianne Ellingsen

Guðleifur Sigurðsson
Mónika Dís Árnadóttir
Jóhann Þór Sigurðsson
Lára Ingólfsdóttir
Stefanía Ellingsen
Jesper Holdt Jensen
Helga María Hallgrímsdóttir
Andreas Gollenstede
Ingunn Hallgrímsdóttir
Hlynur Jónsson

barnabörnin og langafabörn



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Brandur Fróði Einarsson

Stillholti 21, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, sunnudaginn 25. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju, þriðjudaginn 10. janúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Félag langveikra barna. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is

Þuríður Skarphéðinsdóttir

Margrét Brandsdóttir
Sveinbjörn Brandsson
Birna Antonsdóttir
Einar Brandsson
Ösp Þorvaldsdóttir
Magnús Daníel Brandsson
Brynhildur Benediktsd.
Kristín Sigurlaug Brandsdóttir
Eiríkur Tómasson
Soffía Guðrún Brandsdóttir
Magnús Þór Ásmundsson
Kristleifur Skarphéðinn Brandsson
Heiðrún Hámundar

afabörn og langafabörn



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Eiríkur Símon Eiríksson

áður til heimilis að Jóruseli 7,


lést á Hrafnistu, Sléttuvegi, 31. desember sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 10. janúar kl. 15.

Ásthildur Júlíusdóttir

Eiríkur Stefán Eiríksson
Paola Ýr Daziani
Helga Sigríður Eiríksdóttir
Guðmundur Sigurðsson

barnabörn og barnabarnabörn

Krossgáta



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist birtist jafnt framleiðsluaðferð sem framleiðslustaður (12) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 12. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „7. janúar “.

Sudoku


3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5		3		1	
	7				9	2	3	
		9	6	1				
			2		1		8	
	6						2	3
			7		5			

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7				3	2	4	
					5	9		1
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Lausnarorð síðustu viku var

RÚLLUKRAGAPEYSA

G	Ö	L	D	R	Ó	T	T	A		S		H		Ó		Á		G	
A		É		A		Ö		L		K	L	Á	R	H	E	S	T	U	R
L	I	T	A	D	Ý	R	Đ	I	N	A		L		U		T		F	
L		T		D		N		Ö		M	Á	F	U	G	L	U	N	U	M
A	N	G	A	S	K	I	N	N	U	M		V		S		N		B	
G		E		Ý		N		D		Æ	V	I	L	A	N	G	R	A	R
R	E	G	I	N	H	A	F	I		R		T		Đ		A		Đ	
I		G		I			Á	N	E	T	J	A	Đ	A	R		Á		B
P	R	J	Ó	N	A	S	K	A	P		A				Ö	N	G	U	L
U		U			R		Æ		L	Á	R	É	T	T	S		A		A
R	Á	Đ	H	Ú	S	I	N		A		Đ		Í		K	Ý	L	I	Đ
	R		A		E		N	Á	K	Ö	L	D	U		U		L		L
K	A	R	L	A	N	G	I		A		Í		R	I	M	L	A	N	A
	M		L		I			Á	K	A	F	A	N	N			N		G
B	Ó	T	A	S	K	Y	L	D	A	N			A	N	D	V	A	K	A
	T		R			L		R		D	E	K	R	A		Í		A	
H	A	F	Þ	O	R	S	K	A		L		A		N	E	G	U	L	L
	S		A			Æ		G	R	E	I	N	S	T		F		K	
S	P	Á	K	A	R	L		I		G		I		Ó	N	Æ	Đ	I	S
	Á		I			A	R	Đ	M	I	K	L	U	M		R		Đ	

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT


1 Við komum til með að hripa niður lýsingar á áverkunum (9)
8 Hnika línu hænufet (4)
10 Enn stend ég í lappirnar án lappa (9)
11 Svo afskiptar að þær eru himinlifandi að eiga sér hatursmann (9)
13 Mauksýður bita sem er ekki upp í nös á ketti (12)
14 Er hægt að rista ræktarlega spildu án plógfara? (9)
15 Kýldir þú kjamma kvikindis sem engan hafði? (10)
16 Aukum munað vorn i í félagi við sællífan svein (9)
17 Hörð stinga upp á pissi úr slagveðurssprænu (12)
23 Éta síðustu ísmola hraktra fola (10)
28 Segir jafnvel nafla sinn til sölu fyrir rétt verð (5)
29 Hamingjusömu hjónin í Tvídægru eiga þar afmarkaða unaðstíð (7)
31 Gruflar í skeyti frá ræktarlegum staðgengli flugelda (10)
32 Var hyskið þá alveg ofandottið enda komið í ræsið fyrir löngu (11)
34 Tel svefnmálin hafa áhrif á tískuöldina (11)
35 Dæla allskyns rugli í hug feginna manna (7)
37 Andlaus og leiðinlegur já, en sá gat nú dillað vinnukonunni! (9)
42 Mun fá sína hreyfingu ef vélin verður í lagi (7)
45 Sá er helstur ankanni frumbyggjanna, að þeir eru í rangri röð (7)
47 Eftir góðan vals lengir mig eftir kjötmiklum skyndibitum og vefjum (11)
48 Hvernig sútar maður fagrar gærur en svolítið tættar? (6)
49 Svo mun sá rauði róta í heiðinni (5)
50 Ný tímarit um kálfbrigði (7)
51 Í augnablikinu er minn innri maður að kvarta (6)
52 Fæ stöng við stingnum undan haldinu (9)

LÓÐRÉTT

1 Ertu viss um að kennarar vilji aga þennan lýð? (9)
2 Panta túr eftir lestur doðranta Tyrkja-Guddu og séra Ólafs (9)
3 Leita ljóða sem klikka ekki alltaf jafn mikið (9)
4 Hér voru guðinn og hnötturinn hans, og öll tónverkin hans líka (9)
5 Brýni minni og óbrotgjarna dollu (8)
6 Suddi óhreinkar einn Rómverja. Hann smíðar tímamæla (8)
7 Leggur hér eina stjörnu undir lok dags (8)
8 Spjara þessi grey sig eins og druslur? (9)
9 Sker bitra menn ef sögn geymir aðra (9)
12 Hömlulausir fantar berja þau sem kjafta frá (7)
18 Hef þennan tón í huga er ég huga að klénni kerru (7)
19 Dragið nú þetta heiðna hofgengi á tálar fyrir mig (5)
20 Frá vegna ákveðinna mistaka og þeirra tilteknu fífla sem þau gerðu (10)
21 Þetta er þó váleg brekka, brött og býsna torfær (8)
22 Dvel þú hér er hann gefur systur sárrar dömu undir fótinn (8)
24 Sá í ljóta en sindrandi síldarfæðu (7)
25 Er vesturbæjarveldið færist neðar láta dularfull öfl á sér kræla (7)
26 Þau létu lítinn Ford í skiptum fyrir litla snældu (7)
27 Fljót með hugmyndirnar um líkönin (7)
30 Þessi staðsetning tryggir frábæra lausn en kostar sitt (7)
33 Laða til sín minni klúbba sem búið er að yfirtaka og tæta (9)
36 Bjarga björginni úr takinu (7)
37 Gufum upp með göddum tveim (6)
38 Hinn kaldi finnur fró á sjó (6)
39 Er þetta sport liður í einhverju stærra plani? (6)
40 Busar tala um gildi inngildingar, afga og dróna svo eitthvað sé nefnt (6)
41 Gangandi á skeifum eða nær strípuðum sólum? (6)
43 Múrar hvar sem hryggir rísa (6)
44 Óð er önd og hávær eftir því (6)
46 Óttast að kulið setji allt í eina bendu (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN



Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Frjáls, eftir Lea Ypi** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Guðrún Gunnarsdóttir, Akureyri.**

Opnum 9. janúar að Smiðjuvegi 1

SAUNA



Í nýrri og glæsilegri sérverslun okkar færðu allt fyrir:

- Saunaklefa
- Blautgufur
- Infraklefa
- Rafmagnspotta
- Hitaveituskeljar
- Kalda potta
- Saunatunnur og saunahús
- Mikið úrval af bætiefnum og aukahlutum fyrir potta
- Mikið úrval af aukahlutum fyrir sauna

SAUNA
Fjárfesting í vellíðan

Smiðjuvegi 1, s. 571 3770, sauna@sauna.is, sauna.is

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Fjallaskálar Íslands Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum. **(e)**
19.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt. **(e)**
19.30 Vísindin og við Vísindin og við er þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands.
20.00 Bridge fyrir alla Þættir um bridge í umsjón Björns Þorlákssonar **(e)**
20.30 Fjallaskálar Íslands
21.00 Undir yfirborðið (e)

RÚV Sjónvarp

07.05 Smástund
07.10 Tikk Takk
07.15 KrakkaRÚV
09.17 Stundin okkar.
10.00 Ævar vísindamaður
10.25 Viðtal við David Walliams
10.45 Dagny - Ef ég slaka á núna þá dey ég
11.45 Kastljós (e)
12.00 Bækur og staðir (e)
12.10 Sundlaugasögur (e)
13.25 Í fótspor gömlu pólfaranna (e)
14.05 Fólkið mitt og fleiri dýr (e)
14.55 Landsleikur í handbolta (Þýskaland - Ísland) Bein útsending frá landsleik Þýskalands og Íslands í handbolta. Leikurinn er liður í undirbúningi karlalandsliðsins fyrir HM í handbolta.
17.05 Grænmeti í sviðsljósinu (e)
17.20 Bækur og staðir (e)
17.30 Sambúð kynslóðanna (e)
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Lesið í líkamann (e)
18.27 Bolli og Bjalla
18.41 Skólahljómsveitin
18.45 Landakort Konungsflygillinn **(e)**
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Áramótaskaupið 2022 (e)
20.45 Bragð af hungri Dönsk kvikmynd frá 2021 um hjónin Maggie og Carsten sem reka einn vinsælasta veitingastað Danmerkur.
22.25 Pawn Sacrifice
00.15 Lítil þúfa – Menntun (e)
01.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

06.00 Tónlist
13.00 Dr. Phil
14.22 The Block
15.14 Jón Jónsson í Eldborg Upptaka frá tónleikum Jóns Jónssonar þar sem hann steig á svið í Eldborgarsal í Hörpu til að fagna 10 ára starfsafmæli sínu sem tónlistarmaður. Gestasöngvarar voru Friðrik Dór og GDRN.
16.55 Survivor
17.40 Kenan
18.10 Gordon Ramsay's Future Food Stars
19.10 The Block
20.10 Anchorman. The Legend of Ron Burgundy Ron Burgundy er aðalfréttaþulur á sjónvarpsstöð í San Diego í Bandaríkjunum, á áttunda áratug síðustu aldar þegar femínismi heldur innreið sína á fréttastofuna.
21.45 Mud Tveir 14 ára strákar fara í rannsóknarleiðangur út í eyju í Mississippi-ánni eftir að hafa heyrt sögur af báti sem lenti uppi í tré. En í ljós kemur að einhver annar hefur verið á undan þeim, og fljótlega eru strákarnir flæktir í líf manns að nafni Mud. Mud fer að segja sögur af sjálfum sér, en gæti verið hættulegur flóttamaður.
00.00 Every Secret Thing
01.30 The Last Full Measure
03.25 Crawl
04.50 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
12.00 Simpson-fjölskyldan
12.20 Bold and the Beautiful
14.05 Draumaheimilið
14.55 Augnablik í lífi - RAX
15.15 Masterchef USA
15.55 Það er leikur að elda
16.25 Idol
17.10 GYM
17.35 Franklin & Bash
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Skýjað með kjötbollum ...
20.20 Anna Karenina Meistaraverk Leos Tolstoj fjallar um rússneska hefðarkonu sem kastar öllu frá sér til að upplifa sanna ást með manninum sem hún elskar.
22.25 Wild Rose
00.05 An Imperfect Murder
01.10 Draumaheimilið
01.40 Masterchef USA
02.15 Franklin & Bash

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf. **(e)**
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. **(e)**
19.30 Útkall Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar. **(e)**
20.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. **(e)**
20.30 Mannamál (e)
21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
10.00 Örkin (e)
10.30 Sjáumst! (e)
11.00 Silfrið
12.10 Taka tvö (e)
13.05 Jón Múli 100 ára (e)
14.10 Landsleikur í handbolta (Þýskaland - Ísland) Bein útsending frá landsleik Þýskalands og Íslands í handbolta. Leikurinn er liður í undirbúningi karlalandsliðsins fyrir HM í handbolta.
16.25 Mamma mín (e).
16.45 Menningarvikan
17.15 Útúrdúr (e).
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar (e).
18.28 Zorro
18.50 Landakort (e)
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Stórmeistarinn Fyrri hluti. Íslensk heimildarmynd í tveimur hlutum um Friðrik Ólafsson, fremsta skákmann sem Ísland hefur af sér alið.
20.25 Skjálfti Íslensk bíómynd frá 2021. Saga vaknar á Klambratúni eftir heiftarlegt flogakast og man lítið sem ekkert hvað gerðist í aðdraganda þess. Í kjölfarið fara minningar sem Saga bældi niður sem barn að koma upp á yfirborðið.
22.10 Carmenrúllur
23.15 Hnetusmjörsfálkinn
00.50 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

06.00 Tónlist
12.25 Dr. Phil
14.25 The Block
15.20 Top Chef
16.30 Survivor
17.15 Amazing Hotel
18.10 Jarðarförin mín
18.40 Þær
19.10 The Block
20.10 Solsidan
20.35 Killing It
21.00 Law and Order. OC
21.50 The Equalizer
22.35 The Handmaid's Tale
23.35 From
00.35 NCIS
01.20 NCIS. Los Angeles
02.00 The Rookie
02.45 The Capture
03.30 Snowfall
04.15 Tónlist


Stöð 2

08.00 Barnaefni
12.05 B Positive
12.25 Ice Cold Catch
13.10 City Life to Country Life
13.55 Burnout
14.50 Baklandið
15.25 America's Got Talent. All Stars
16.45 The Good Doctor
17.35 60 Minutes
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
19.00 Lego Masters USA Lego áhugafólk keppir sín á milli í tveggja manna liðum með ótakmarkað magn af Lego-kubbum og endalausum möguleikum til að hreppa titilinn bestu áhugamanna Lego-smiðirnir.
19.40 Professor T Prófessor Jasper Tempest er snillingur í afbrotafræðum, frekar óvenjulegur og með árátttu-þráhyggjuröskun. Út af snilligáfu sinni er hann fengin til að aðstoða lögregluna með hin flóknustu mál en samskipti hans við annað fólk og þá ekki síst yfirþyrmandi mömmu sína eru oft á tíðum kostuleg.
20.30 Silent Witness Breskir sakamálaþættir af allra bestu gerð frá BBC sem fjalla um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar morð hafa verið framin
21.30 Gasmamman
22.15 Vampire Academy
23.00 Masters of Sex
23.50 Pennyworth

Mánudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin
19.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits. **(e)**
19.30 Bridge fyrir alla Þættir um bridge í umsjón Björns Þorlákssonar. **(e)**
20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá. **(e)**
21.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits. **(e)**



Bjarki Már, ein af stórstjörnum landsliðsins í handbolta.

Ballið byrjar

Formlegur undirbúningur íslenska landsliðsins í handbolta hefst í dag þegar liðið mætir Alfreð Gíslasyni og lærisveinum hans í þýska landsliðinu.

Í samtali við blaðamenn sagðist Alfreð vera spenntur fyrir því að mæta íslenska landsliðinu í fyrsta skipti á ferli sínum.

Ísland og Þýskaland takast á, bæði í dag og á sunnudaginn, og marka leikirnir lokaundirbúning liðanna fyrir HM sem hefst í Svíþjóð og Pólandi á miðvikudaginn í næstu viku. Alfreð hefur, í aðdraganda leikjanna við Ísland, hlaðið íslenska liðið lofi. Ísland sé eitt af bestu liðum á komandi HM. Uppselt er á báða leikina en leikirnir fara fram í Bremen í dag og Hannover á morgun. ■

MARINE COLLAGEN

Arctic Star

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Kollagen er að finna í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannslíkamans.



Arctic Star Marine Collagen inniheldur íslensk sæbjúgu, kollagen úr þorskroði og C vítamíni.

C vítamín er þekkt fyrir:
- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar.
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins og ónæmiskerfisins.
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu og lúa.
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og auka upptöku járns.
- Stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Marine Collagen
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

■ Við tækið

Vika í partí



Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas
@frettabladid.is

Stórmót í handbolta í janúar er eitthvað sem passar ofboðslega vel saman. Smá eins og tónik með gini. Grámyglan verður bærilegri. Og viti menn. Þegar dagskráin er skoðuð fyrir komandi mót má sjá að það er aldeilis hægt að fara að hlakka til. Ekki aðeins út af strákunum okkar heldur út af leiknum gegn Ungverjalandi. Hann er nefnilega kvöldleikur eftir slétta viku. HM stofan byrjar 19.20. Beint eftir mat.

Sá dagur er reyndar rosalegur fyrir íþróttaáhugamenn því hann byrjar klukkan 12.30 með leik Manchester-liðanna í enska boltanum.

Það er ekkert skemmtilegra en að fara á stórmót í handbolta en það næstbesta er að halda gott boltapartí. Ég er bara hér til að minna þig á, lesandi góður. Hafðu samband við vini og ættingja. Bjóddu í boltapartí og vegna þeirra sem geta ekki komið í allan pakkann skaltu alla vega bjóða í handboltapartí. Gerðu grámyglulegan laugardag eftir viku að partídegi. Það er svo gaman að öskra áfram Ísland í góðra vina hópi. ■



HM í handbolta er að byrja.

> Gerðu grámyglulegan laugardag eftir viku að partídegi.



QR Flýtilausnir

Dreifikerfi

Stafrænar útgáfur

Opnaðu myndavélina í snjalltækinu þínu og skannaðu QR kóðana



Nánast tabú að verða gamall

Sviðslistamaðurinn Rebekka A. Ingimundardóttir rannsakaði efri árin og þriðja æviskeiðið sem þróaðist út í sviðslistaverkið Ég lifi enn – sönn saga.

tsh@frettabladid.is

Ég lifi enn – sönn saga sem er frumsýnt í Tjarnarbíói í dag er sjónræn og ljóðræn sýning um hið undarlega ferðalag sem lífið er og þá vissu að við munum öll deyja. Verkið er innblásið af persónulegri reynslu aðstandenda af að fylgja sínum nánustu inn í þriðja æviskeiðið og þeirra sem eru staddir í því sjálfir.

„Okkur fannst þetta bara svo brýn nauðsyn. Við byrjuðum að vinna í þessu 2019 og síðan þá hefur verið mikil vakning varðandi þriðja æviskeiðið, verðmæti þess og þær aðstæður sem fólk er í," segir Rebekka A. Ingimundardóttir, listrænn stjórnandi verkefnisins.

Fór í námskeið í markþjálfun

Rebekka starfaði sem kennari á sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands þegar hún fékk hugmyndina að verkefninu en hún segir hana hafa kviknað út frá námskeiði í markþjálfun sem hún fór í ásamt öðrum kennurum.

„Ég ákvað að fara svo í nám hjá Evolvia og læra markþjálfun og ég staldraði sjálf svolítið við eldra fólk, það talaði enginn um það. Ég var að pæla í því og gerði smá rannsóknarvinnu, svo bý ég rétt hjá Grund þannig að ég fór bara af stað með hvað myndi hjálpa eldra fólki að vera markþjálfuð inn í næsta dag, næstu viku eða næsta mánuð á þriðja æviskeiðinu," segir Rebekka.

Um það leyti sem Rebekka var í þessum vangaveltum hringdi leikkonan Þórey Sigþórsdóttir í hana og spurði hvort hún vildi taka þátt í verkefni um að safna saman sögum eldra fólks.

„Í því samtali fórum við báðar á flug um hvernig væri að vinna með að styrkja eldra fólk út frá rödd, líkamsbeitingu og þjálfun. Hvernig væri þá að vinna með eldra fólki út frá þessum hugmyndum," segir Rebekka.

Rebekka og Þórey byrjuðu að móta verkefnið og fengu síðar til liðs við sig leikstjórann Ásdísi Skúladóttur og úr varð nokkurra ára rannsóknarverkefni sem þróaðist svo út í sýninguna Ég lifi enn.

Tölum svo lítið um þetta

Er þriðja æviskeiðið kannski eitthvað sem er svolítið hulið og lítið fjallað um í samfélaginu?

„Já, þar er ég sammála þér. Ég upplifði það í gegnum fólk sem við unnum með og sem aðstandandi, við vitum að við stefnum þangað en við undirbúum okkur ekki fyrir það og það er eins og það sé ákveðin hunsun í gangi."

Rebekka bætir því við að hún hafi sjálf nýlega fengið að upplifa þetta sem aðstandandi en móðir hennar lést í fyrra og faðir hennar flutti á hjúkrunarheimili um svipað leyti.

„Við tölum svo lítið um þetta, það er næstum eins og það sé tabú að verða gamall og vera á þessum aldri. Ég heyri rosalega mikið neikvætt um það frekar en jákvætt, fólk dettur út af vinnumarkaði mjög snemma eða er sett út í horn. Fyrir mig sem hef búið í tuttugu ár erlendis, í Tékklandi og Hollandi, sé ég að þar er reynsla metin sem verðmæti en hérna á Íslandi er farið eftir kennitölunni sem er undarlegt því við erum svo lítið samfélag."



Rebekka A. Ingimundardóttir er listrænn stjórnandi sýningarinnar Ég lifi enn – sönn saga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Með aðalhlutverk í Ég lifi enn – sönn saga fara leikkonurnar Þórey Sigþórsdóttir, Ingibjörg Gréta Gísladóttir og Halldóra Rósa Björnsdóttir. MYND/OWEN FIENE

> Við tölum svo lítið um þetta, það er næstum eins og það sé tabú að vera gamall og vera á þessum aldri.

Vinnusmiðjur fyrir eldri borgara

Er einhver í listræna teyminu á þriðja æviskeiðinu?

„Já, Ásdís Skúladóttir sem fylgdi okkur frá fyrsta námskeiðinu sem við héldum í Hæðargarði. Við vorum með vinnusmiðjur sem við héldum sem hétu Augnablik – Ég á mér rödd. Við byrjuðum í Hæðargarði og svo sóttum við um hjá Reykjavíkurborg að fara inn á öll félagsheimili eldri borgara á Reykjavíkursvæðinu og fórum inn á sautján félagsmiðstöðvar með þessa vinnusmiðju."

Spurð um hvort þetta sé sýning fyrir alla aldurshópa segir Rebekka verkið henta fólki á miðjum aldri, þeim sem eru að nálgast þriðja æviskeiðið sem og yngra fólki.

„Þetta er líka fyrir manneskjuna sem er tvítug og hefur áhuga á að kíkja aðeins inn í þennan heim og hefur gaman af ljóðrænu, sjónrænu og öðruvísi leikhúsi. Ég vona svo sannarlega að bæði eldra fólk, fólk á miðjum aldri og yngra fólk muni njóta þess," segir hún. ■



Fjöldi nýrra þýðinga væntanlegur

tsh@frettabladid.is

Miðstöð íslenskra bókmennta hefur úthlutað nýjum styrkjum til þýðinga á íslensku, verk eftir höfunda á borð við Annie Ernaux, Richard Brautigan, Lydiu Davis, Erich Kästner, Antoine de Saint-Exupéry og fleiri eru væntanleg í íslenskri þýðingu á næstunni.

Nú var úthlutað rúmum 8 milljónum króna til 24 þýðinga á íslensku en alls bárust 38 umsóknir í í nóvember 2022 í seinni úthlutun ársins.

Á meðal verka sem hlutu styrki kennir ýmissa grasa og von er á fjölbreyttri útgáfu þýðinga á næstunni fyrir börn og fullorðna. Þýtt verður úr ensku, þýsku, frönsku, spænsku, japönsku, hebresku og portúgölsku og eiga lesendur því von á spennandi bókum á íslensku víða að. ■



Á meðal væntanlegra bóka er Le jeune homme eftir Annie Ernaux, sem hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 2022, í þýðingu Rutar Ingólfsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Á meðal verka sem hlutu þýðingastyrki eru:

- The Dictionary of Lost Words eftir Pip Williams, í þýðingu Ugga Jónssonar.
- Fabian. Die Geschichte eines Moralisten eftir Erich Kästner, í þýðingu Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur.
- Heaven eftir Mieko Kawakami, í þýðingu Jóns St. Kristjánssonar.
- Skandar and the Phantom Rider eftir A.F. Steadman, í þýðingu Ingunnar Snædal.
- The Vanishing Half eftir Brit Bennett. Þýðandi: Ragna Sigurðardóttir.
- The Prime of Miss Jean Brodie eftir Muriel Spark, í þýðingu Árna Óskarssonar.
- Le jeune homme eftir Annie Ernaux, í þýðingu Rutar Ingólfsdóttur.
- Úrval texta eftir Lydiu Davis, í þýðingu Berglindar Ernu Tryggvadóttur.
- Panther in the Basement eftir Amos Oz, í þýðingu Árna Óskarssonar.
- The Cemetery in Barnes eftir Gabriel Josipovici, í þýðingu Gyrðis Elíassonar.
- Litli prinsinn eftir Antoine de Saint-Exupéry, í þýðingu Arndísar Lóu Magnúsdóttur.
- The Wild Boys eftir William S. Burroughs, í þýðingu Arnar Karlssonar.

BRANDSON

VÖNDUÐ ÍSLENSK HÖNNUN

MEGA ÚTSALA

ALLT AÐ 90% AF

SKANNAÐU MIG

BRANDSON.IS

Sigurviss þjóðarsálin hrekkur af hjörunum

Þar sem við erum best í heimi í öllu frá handbolta til Eurovision er eftirvæntingin fyrir HM í handbolta að sjálfsögðu komin upp í áður óþekktar hæðir. Meira að segja á íslenskan mælikvarða og aðeins formsatriði fyrir strákana okkar að mæta til leiks og hirða gullið. Kappið hefur að vísu oft áður borið Íslendinga ofurliði með þjóðarsálaræðisköstum langt fram hjá markinu með tilheyrandi vonbrigðum.

benediktboas@frettabladid.is



Langbestir

Íslenska landsliðið er skipað heimsklassa leikmönnum og öll útilínan ein sú besta í heimi. Ómar Ingi er meðal bestu leikmanna heims, ef ekki sá besti. Íslenska þjóðin er því eðlilega sammála Alfreð Gíslasyni um að landsliðið okkar sé eitt það besta í heimi og við þegar búin að vinna. Gullið er okkar. Strákarnir okkar flugu utan í gær og alvaran hefst í næstu viku. Hún hefur þó vissulega áður komið í bakið á Íslendingum á handboltavellinum. Ívar Benediktsson, ritstjóri handbolti.is, rifjar upp fyrir lesendum sínum að fyrir HM 1964 hafi vonir og væntingar verið miklar. Landsliðið hafi kjöldregið Bandaríkjamenn í æfingaleikjum fyrir HM í Tékkóslóvakíu og langar raðir mynduðust á gamla Keflavíkurveginum þegar almenningur vildi berja strákana okkar augum og kveðja verðandi sigurvegara. Færri komust að en vildu. Íslenska liðið stóðst ekki pressuna og tapaði fyrir Ungverjum í lokaleik riðlakeppninnar og féll úr leik.



Magnificent!

Sveitapilturinn Magni Ásgeirsson varð þjóðareign um stund árið 2006 þegar hann tók þátt í raunveruleikaþættinum RockStar Supernova og sannkallað Magna-æði rann á þjóðina. Hann byrjaði rólega en vann á og Íslendingar lögðust nánast allir sem einn á árarnar og tóku þátt í að kjósa hann áfram og áfram og áfram. Og áfram hélt hann og þjóðin vakti yfirspennt yfir beinum útsendingum frá Los Angeles. Hann sló svo eftirminnilega í gegn þegar hann tók Dolphin's Cry með sínu nefi að útgáfa hans er enn þann dag í dag spiluð af YouTube í partíum. Þegar Magni datt svo út tók þjóðin á móti honum í Smáralind þar sem mörg þúsund manns mættu til að hylla rokkstjörnuna sína. Lukas Rossi vann keppnina en Magni hélt vöku fyrir þjóðinni í beinni útsendingu á Skjá einum 15 aðfaranætur mánudaga þar sem allir mættu þreyttir til vinnu.

Hrókur alls þjóðarfagnaðar

Jóhann Hjartarson var aðeins 25 ára þegar hann sigraði Viktor Kortsnoj í Kanada. RÚV sýndi beint frá mótinu og eldmóður og skákæði runnu á þjóðina sem hefur varla lagt frá sér hrókinn síðan. Jóhann fékk höfðinglegar móttökur þegar hann sneri heim í febrúar 1988 og Tíminn greindi frá því að slík sigurgleði hefði ríkt í Leifsstöð að það var meira að segja skálað í kampavíni. „Jóhanni var fagnað sem þjóðhetju, þegar hann steig á land. Eiginkona hans og foreldrar biðu hans við landganginn og menntamálaráðherra afhenti honum blóm við komuna. Þar voru að auki æðstu menn innan Skáksambands Íslands og urmull fréttamanna. Þegar Jóhann hafði gengið landganginn á enda tók undir í flugstöðinni af kröftugu lófataki allra viðstaddra, starfsfólks í Leifsstöð og árisulla ferðalanga," segir í greininni. Gefin voru út plaköt af Jóhanni í Æskunni og ABC og voru krakkar um allt land með skákgoðið uppi á vegg hjá sér og eru kannski enn.





Aldrei vekja mig

Á EM 2016 varð bláa hafið, eins og stuðningsmenn Íslands voru kallaðir, heimsfrægt og víkingaklappið ódauðlegt. EM í Frakklandi var fyrsta stórmótið sem íslenska karlalandsliðið fór á og væntingarnar fyrir keppni voru hóflegar. Sjálfur Ronaldo og Portúgalar í fyrsta leik. Birkir Bjarnason bjargaði stigi og nú voru okkur allir vegir færir. Hálf þjóðin brunaði til Frakklands og studdi okkar menn áfram í baráttunni. Þegar Theodór Elmar fór inn á teiginn gegn Austurríki og gaf á Arnór Ingva sem skoraði trylltist allt og ljóst var að England biði í 16 liða úrslitum. Þá fór þjóðin gjörsamlega af hjörunum. Nú átti að etja kappi við sjálfa snillingana úr ensku deildinni. Og viti menn. Þar kom fræknasta íþróttaafrek þjóðarinnar. Sigur í ótrúlegum leik. „Aldrei vekja mig," sagði Gummi Ben í lýsingu sinni, setning sem fær hvern sem er til að fá gæsahúð.

Sigurinn vís ár eftir ár

Hér væri auðvitað hægt að skrifa heila ritgerð um vonir og væntingar íslensku þjóðarinnar til Eurovision-keppenda. Að vinna Eurovision á Íslandi er eins og að verða sterkasti maður í heimi og ungfrú heimur í einu. Allt byrjaði þetta þegar ákveðið var að blása til forkeppni 1986 þar sem Pálmi Gunnarsson hafði sigur með Gleðibankanum. Þau Eiríkur Hauksson og Helga Möller bættust svo við þegar lagið keppti á stóra sviðinu í Bergen í Noregi. Í aðdragandanum var ljóst að Gleðibankinn var að fara að vinna keppnina. Þau Pálmi, Eiríkur og Helga slógu í gegn á öllum blaðamannafundum og var farið að ræða og rita um hvað það myndi kosta íslensku þjóðina, ekki ef heldur þegar, Gleðibankinn væri búinn að vinna. Það auðvitað gerðist ekki og hin belgíska Sandra Kim, sem þá var aðeins 13 ára, söng sig inn í hjörtu Evrópu með J'aime la vie. Síðan eru liðin mörg ár og íslenska þjóðin bíður enn eftir sigri þrátt fyrir nokkra góða spretti.





Gott silfur gulli betra

Kristinn Björnsson, drengurinn góði frá Ólafsfirði, kom, sá og sigraði skyndilega árið 1997 þegar hann varð annar í svigi á heimsbikarmóti í Park City. Hann varð að óskabarni þjóðarinnar og skíði nánast að þjóðaríþrótt. RÚV tryggði sér sýningarréttinn á öllum hans keppnum og óháð því á hvaða tíma dags hann keppti var þjóðin mætt til að styðja Ólafsfirðinginn. Hann stóðst ekki alveg óskabarnsálagið og sagði í viðtali við Morgunblaðið tveimur árum síðar að tíminn í sviðsljósinu hefði verið allt annað en skemmtilegur þar sem hann væri meira fyrir að halda hlutunum bara fyrir sig.



FOOD
CELLAR
MATAR
KJALLARINN

TILKYNNING FRÁ MATARKJALLARANUM:

Kæru viðskiptavinir.

Í kjölfar lagnaleka sem varð á hæðinni fyrir ofan Matarkjallarann hefur eigandi hússins ákveðið að ráðast í alhliða viðhald á lagnakerfi þess. Því miður er okkur ekki kleift að hafa staðinn opinn á meðan á framkvæmdum stendur, sem eru áætlaðar frá 9. janúar til 10. febrúar nk.

Við munum nýta tækifærið og gera ýmsar betrumbætur til að gera góðan veitingastað enn betri.

Við hlökkum til að taka vel á móti ykkur í febrúar.

OPNUM AFTUR 10. FEBRÚAR

Aðalstræti 2, 101 Reykjavík S. 558 0000 www.matarkjallarinn.is

Mengunarkvóti ársins kláraður fyrir kvöldmat

Frétt vikunnar

Jón Kaldal, blaðamaður

„Frétt vikunnar hlýtur að vera að við íbúar á höfuðborgarsvæðinu kláruðum mengunarkvóta alls ársins fyrir kvöldmat þann 5. janúar," segir Jón Kaldal blaðamaður um það sem bar hæst í fyrstu fréttaviku ársins.

„Þá hafði mengun á svæðinu farið nítján sinnum yfir skilgreind heilsuverndarmörk en samkvæmt reglugerð umhverfismálaráðuneytisins má það ekki gerast oftar en átján sinnum á ári. Við erum sem sagt þegar byrjuð á kvótanum fyrir 2024 þegar enn eru eftir um 360 dagar af 2023,"

Hann bendir á að reglugerðin um hver mengunarmörkin eru sé skýr. „En hins vegar virðist vera í henni svarthol þegar kemur að því hvað skal gera til að koma í veg fyrir að þessar heilsuspillandi aðstæður

> **Það verður forvitnilegt að sjá til hvaða varna „triggeraðir" bílakallar grípa nú.**

skapist," heldur Jón áfram og segir þetta reyndar grátlega lýsandi fyrir íslenska stjórnsýslu í ýmsum umhverfisverndarmálum. „Þar skortir oftar en ekki viðurlög og stjórntæki sem bíta fyrir alvöru.

Mengunin sem er að spilla heilsu borgarbúa og barna þeirra kemur beint frá útblæstri bíla. Það verður forvitnilegt að sjá til hvaða varna „triggeraðir" bílakallar grípa nú. Hingað til hafa þeir kennt um skorti á því að götur séu sópaðar og spúlaðar. Eina ráðið sem dugar þó við þessar aðstæður er að takmarka hraustlega akstur bíla og þar með útblásturinn frá þeim." ■



Jón Kaldal, blaðamaður

Sjúgðu mig Nína í sigtinu

Andrea Björk Andrésdóttir og Steindór Grétar Jónsson eru komin af stað með hlaðvarpið Bíó Tvíó eftir árs hlé. Þau hafa einsett sér að sjá og fjalla um allar myndir íslenskrar kvikmyndasögu þar sem ævista takmarkið er stuttmyndin sjaldséða Sjúgðu mig Nína frá 1985.

toti@frettabladid.is



Steindór og Andrea eru snúin aftur tvíefld og fá nú mikilvæga aðstoð Kvikmyndasafnsins. MYND/JOERG C. JASPER

Andrea Björk Andrésdóttir og Steindór Grétar Jónsson byrjuðu með hlaðvarpið Bíó Tvíó árið 2016 og lögðu þá upp með að sjá og fjalla um hverja einustu bíómynd sem gerð hefur verið á Íslandi.

Þau voru komin vel á veg og engin uppgjöf í þeim þegar þau gerðu hlé á þáttunum í febrúar í fyrra og eru nú byrjuð aftur. Tvíefld með fulltingi Kvikmyndasafns Íslands og bjóða upp á vikulega aukaþætti í áskrift á Patreon.com.

„Málið er náttúrlega bara að við urðum uppiskroppa með myndir. Það eru ekki nema eitthvað á þriðja hundrað íslenskar kvikmyndir til og þegar við vorum búin að horfa á 217 þá bara fundust ekki fleiri," segir Steindór Grétar. „Þannig að við þurftum að taka eitt ár í pásu á meðan við leituðum að fleiri myndum," heldur hann áfram og bætir við að eðli málsins samkvæmt hafi náttúrlega nokkrar nýjar myndir komið út í millitíðinni.

Nálgast takmarkið

„Og nú erum við í samstarfi við Kvikmyndasafnið sem hjálpar okkur að nálgast margar sjaldgæfar og illfáanlegar myndir. Þannig að núna höfum við alveg ágætis slatta sem við ætlum að taka fyrir á næstu mánuðum og komast nær markmiði okkar um að horfa á hverja einustu íslensku kvikmynd sem hefur verið gerð."

Þetta er helvíti bratt takmark. Er allt í lagi með ykkur? Hvernig datt ykkur þetta eiginlega í hug?

„Okkur fannst þetta skemmtilegt markmið til að byrja með og sáum fyrir okkur að þar sem þetta væru tvö hundruð og eitthvað myndir ætti þetta að taka fjögur ár með einum þætti á viku. Við áttuðum okkur svo náttúrlega ekkert á því fyrr en við byrjuðum að margar af þessum myndum eru, hvað á maður að segja ..."

Steindór hikar, segist ætla að reyna að orða þetta varlega og hlær. „Ekki góðar. En við mætum þeim öllum af sömu virðingu og reynum að gera þeim skil."

Klámhundalíf

Þættina taka þau upp í Berlín en þau byrjuðu á Bíó Tvíóinu þegar þau fluttu þangað á sama tíma. „Okkur langaði að halda einhverri tengingu við íslenska menningu og ríghöldum í íslenskar kvikmyndir sem haldreipi okkar og tengingu við þjóðina."

Þáttur númer 218 er kominn í loftið en í honum fjalla þau um kvikmyndina Ölmu, eftir Kristínu Jóhannesdóttur. Nýr þáttur bætist síðan við vikulega á vef Stundarinnar, þar sem Steindór er blaðamaður, Spotify og allar helstu hlaðvarpsveitur.

„Síðan erum við að byrja með þessa bónusþætti sem hægt er að finna á síðu okkar á Patreon.com.

> **Og svo gerði hann mynd sem heitir Sjúgðu mig Nína og hún er svona hið heilaga gral Bíó Tvíó. Af hverju heitir hún þetta? Og hvað fjallar hún um?**

Þetta eru vikulegir aukaþættir um stuttmyndir, heimildarmyndir og stundum sjónvarpsþætti," segir Steindór og boðar í þessum mánuði mikinn fögnuð með umfjöllun um Spaugstofuþáttinn sögulega Klámhundalíf.

Sjúgðu mig Nína

Fyrsti bónusþátturinn hverfist hins vegar um eitt byrjendaverka leikstjórans Óskars Jónassonar, Oxsmá Plánetuna. „Hlustendur okkar eru margir forvitnir um skrítna hluti og okkur langaði að fjalla um hana vegna þess að fólk hefur verið mjög forvitið um þessi fyrstu verk Óskars Jónassonar."

„Og svo gerði hann mynd sem heitir Sjúgðu mig Nína og hún er svona hið heilaga gral Bíó Tvíó. Af hverju heitir hún þetta? Og hvað fjallar hún um?"

Steindór segir myndina hafa verið draumaumfjöllunarefni þeirra allar götur frá því þau byrjuðu með hlaðvarpið fyrir sex árum. „Og við erum að vonast til að geta gert eitthvað með hana en ég þori ekki að lofa neinu. Við erum með hana í sigtinu og eigum bara eftir að taka í gikkinn." ■

Ekki um munnmök

Óskar Jónasson og Oxsmá gerðu stuttmyndina Sjúgðu mig Nína 1985 og hún er í raun merkilega þekkt miðað við að hafa verið nánast ósýnileg alla sína tíð. Mögulega vegna þess að sérkennilegur titillinn hefur orðið til þess að flestir draga þá ályktun að hún fjalli um munnmök. Þetta er þó alls ekki tilfellið og nafnið vísar til þess þegar önnur aðalpersónan, Nína, kemst til meðvitundar eftir sýrutripp og heyrir mjóróma rödd sem hvetur hana til þess að fá sér smók af hassi.

Kormákur Geirharðsson, trommari Oxsmár, og Halla Margrét Árnadóttir léku parið Hjört og Nínu í myndinni en eftir að hafa gifst sparimerkjagiftingu eyða þau öllum peningnum í dóp og lenda í klóm ógeðslegs fíknefnasala.

Oxsmá Plánetan


Óskar Jónasson gerði 32 mínútna stuttmyndina með félögum sínum í hljómsveitinni Oxsmá árið 1983. Myndin rekur sorgarsögu illa uppalins geimkarls úr Reykjavík sem hyggst ná fótfestu á fjarlægri draumaplánetu og tileinka sér lifnaðarhætti frumbyggja.




Myllu heilkornabrauð

LÍFSKORN

Lífskorn færir þér máltíð af akrinum



Veldu þitt Lífskorn - heilkorna fjölskylda af hollustu



- Lífskorn er næring fyrir heilsuræktina

Lífskorn er góð hugmynd að vellíðan og hluti af heilsurækt þinni. Í Lífskorni finnur þú góðu frækorn, trefjarnar, próteinin og bragðgæðin.

Lífskorn er trefjagjafi þinn - fræsafn þitt og heilsurækt - hefur hátt hlutfall heilkorns, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af joðbættu salti.

Lífskorn inniheldur B- og E-vítamín og stein-efni sem líkaminn þarfnast. **Núna bætist nýtt heilkorna Lífskorn á lista joðgjafa og D-vítamínríkra fæðutegunda.** Smakkaðu.

Þú finnur plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins í Lífskorni og undirbýrð þig þannig fyrir heilsuræktina. Lífskorn færir þér máltíð af akrinum, hollustu og orku fyrir heilsuræktina. Bragðaðu öll brauðin og veldu þitt uppáhalds Lífskorn. Lífskorn er vegan!

Ræktaðu huga og líkama
Fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð
frá Myllunni - strax í dag

Veldu íslenskt

Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu.
Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu.
Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki.
Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

> ***Skoðaðu vöruúrvalið á: myllan.is***

MYLLAN

Alltaf nýbakað síðan 1959

ÚTSA

20–50% AFSLÁTTUR

50% JÓLAVÖRUR
25% INNIMÁLNING, PARKET, FLÍSAR, GROHE OG DAMIXA BLÖNDUNARTÆKI

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Gerðu frábær kaup!

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT HEIM

ALLA VIRKA DAGA



Frí heimsending er á pöntunum úr vefverslun yfir 20.000 kr

ÞÚ SÉRÐ ÖLL TILBOÐIN Á BYKO.IS

ALLA

AF VÖLDUM VÖRUM

30–50% LEIKFÖNG

30% PLASTBOX

20% VERKFÆRABOX,

JÁRNHILLUR, ÖRYGGISSKÓR


Skannaðu kóðann
og skoðaðu tilboðin
á byko.is

Great Place To Work.
Best Workplaces™ Europe
2022

SAMAN Í 60 ÁR

BYKO

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING Torg ehf.
JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025



Bakþankar



Tobbu Marinós

Aftur jólatréð

Jólatrésmálið tók að versna hratt og vel með hverjum deginum sem leið nær jólum. Mér leið eins og ég væri með lifandi jóladagatal í stofunni og hver grein sem missti allt barr þýddi að endalokin væru nær.

Svo fór að við urðum að hóta öllum gestum sem komu inn að snerta alls ekki tréð því okkur langaði að hafa það uppi á áramótunum. En auðvitað er fólk svo klikkað að um leið og þú biður það að snerta ekki tréð – gerir það einmitt það.

Háaldraðar frænkur tóku í spaðann á hálf dauðu normannshræinu og hristu það þannig að barrnálar fuku í augu barnanna sem voru einmitt í augnhæð við hræið. Það er fátt sorglegra en sjö ára gamalt barn með blóðhlaupin augu.

Ég var farin að hata helvítis tréð svo löðrandi heitt að ég sá það í hillingum að draga það út á miðnætti á gamlársdag, saga það í búta og brenna í kamínunni.

Sem ég og gerði en leyfði því þó að hanga nöktu og niðurlægðu í stofunni til nýársmorguns.

Ég get ekki lýst hversu hreinsandi það var fyrir sálina að ryðja trénu í gegnum forstofusýnishornið og saga það niður.

Reyndar kom svo agalegur reykur að ég þurfti að setja úlpuna í hreinsun og nágranninn kom yfir – og sagði mér um leið að ég væri bara ekki með nógu góðan fót og ef allt þryti þá mætti alltaf skella veiðistöng meðfram trénu til að rétta það af. Það hefði hann sjálfur gert með góðum árangri.

Einmitt.

Skyldi ég vera búin að gleyma þessari þrautagöngu fyrir næstu jól? ■

Vítamín-dagar!
5.-8. janúar
Afsláttur í formi inneignar í Samkaupa -appinu. Sæktu appið og safnaðu inneign.


nettó



Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is
IKEA